

**GREINAGERÐ TIL FJÖLMIÐLANEFNDAR
UM FJÖLMIÐLAÞJÓNUSTU
Í ALMANNAPÁGU ÁRIÐ 2023**



RÚV

FORMÁLI

Ríkisútvarpið okkar allra er ein mikilvægasta menningarstofnun þjóðarinnar. Það hefur frá upphafi haft það mikilvæga hlutverk að miðla fréttum, fróðleik, menningu, fræðslu og skemmtiefni í öllum myndum til Íslendinga. Það hefur skrásett sögu okkar og með fjölbreyttum hætti sinnt lýðræðishlutverki sínu og ýmsum menningarlegum skyldum. Framleiðsla og miðlun á margvíslegu efni af öllum toga á íslensku er mikilvæg forsenda þess að við varðveitum og styrkjum íslenska tungu, eflum og styrkjum menningararf okkar og lýðræðislegar stoðir samfélagsins. Fyrir það stöndum við.

Árið 2023 var viðburðaríkt. Hér á Íslandi tókumst við á við ný verkefni og ógnvænleg með tveimur eldgosum á Reykjanesskaga, það seinna nær byggð og mannvirkjum en áður. Öryggishlutverki sínu sinnti RÚV af kostgæfni í tengslum við þessa atburði, með vandaðri upplýsingamiðlun og fréttaflutningi og stöðugu beinu streymi frá Reykjanesskaga. Þessi upplýsingamiðlun var ekki einungis á íslensku, við höldum einnig úti öflugri upplýsingamiðlun á ensku og pólsku á vefnum, auk þess sem viðburðir eins og upplýsingafundir almanna-varna voru túlkaðar á táknmál og pólsku. Allt er þetta gert til þess að tryggja sem flestum hópum jafnan aðgang að þjónustu okkar.

Fréttir, fréttaskýringar og önnur upplýsingamiðlun er kjarnaþáttur í starfsemi Ríkisútvarpsins og hefur verið frá upphafi. Í takt við breytta tíma og breyttar dreifileiðir fyrir efni og upplýsingar höfum við prófað okkur áfram með fjölbreyttari miðlun fréttar í gegnum samfélagsmiðla og á vefnum og fengið frábæra viðtökur meðal annars hjá ungu fólki sem ekki hafði gefið okkur gaum eftir hinum hefðbundnu leiðum. Þessar leiðir munum við halda áfram að þróa. Það er ánægjulegt að sjá að traust til fréttastofu og Ríkisútvarpsins mælist áfram mikið, bæði í samanburði við aðrar stofnanir samfélagsins og aðra fjölmiðla. Og það er okkur afar verðmætt að vörumerkið RÚV er það vörumerki sem flestir Íslendingar þekkja og jákvæðni í garð þess mælist sömuleiðis mikil.

Við erum stolt af þjónustu okkar við börn og ungt fólk. Það er bæði hjarta og hugsun á bak við allt það frábæra efni sem við framleiðum og er framleitt í samvinnu við okkur í þágu þessa mikilvæga hóps. Menningarhlutverkinu sinnir Ríkisútvarpið með fjölbreyttum hætti, þar á meðal í öflugum og fjölbreyttu samstarfi við margar menningarstofnanir og með fjölbreyttri dagskrárgerð og miðlun. Og íbróttunum gerum við hátt undir höfði enda eru þær meðal okkar allra vinsælasta efnis.

Dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi var að vanda öflug á árinu 2023. Við frumsýndum nýjar íslenskar þáttaraðir og eflum samstarf okkar við fleiri

almannajónustumiðla í Evrópu sem svo sannarlega mun skila sér af miklum krafti inn í íslenska sjónvarps- og kvikmyndagerð á komandi árum. Rás 2 hélt upp á fjörutíu ára afmælið með glæsibrag og hélt áfram að færa okkur íslenska tónlist í bland við það besta á erlendum vettvangi. Og Rás 1, besta útvarpsstöð í heimi, styrkti enn frekar stöðu sína og áhrif með ótrúlega fjölbreyttri og mikilvægri dagskrárgerð á öllum sviðum.

Fjárhagslegur rekstur Ríkisútvarpsins gekk vel á síðasta ári en verðbólga hafði áfram mikil áhrif á reksturinn. Þar leika okkur enn grátt gamlar lífeyris-skuldbindingar sem ekkert gengur að eiga við þrátt fyrir ótal áköll stjórnar og stjórnenda RÚV til stjórnvalda. Stjórnendum Ríkisútvarpsins tókst engu að síður að skila jákvæðum rekstri á síðasta ári við þessar flóknu aðstæður í íslensku efnahagslífi.

Ég er stoltur af starfsfólki Ríkisútvarpsins og þess góða árangri á öllum sviðum. Ég er stoltur af því að leiða þann kraftmikla og öflugan hóp sem hér starfar og leggur sig fram á hverjum degi við að sinna þeim verkefnum sem okkur eru falin. Þau eru mikilvæg í íslensku samfélagi nú eins og áður, og verða áfram um komandi tíð.

Stefán Eiríksson,
útvarpsstjóri



1. FRAMBOÐ ÞJÓNUSTU OG UMFANG STARFSEMI

Í árlegri greinargerð Ríkisútvarpsins (RÚV) um fjölmiðlun í almannabágu, skv. 7. gr. og 15. gr. laga nr. 23/2013 skal gerð grein fyrir dagskrá og umfangi starfsemi RÚV og bera saman við dagskrá og umfang þriggja ára á undan. Meðfylgjandi eru tölulegar upplýsingar um samsetningu dagskrá RÚV. Samkvæmt þjónustusamningnum skal gerð grein fyrir breytingum og þróun í framboði þjónustu og efnisþáttum út frá neðangreindum atriðum, og fleiri ef við á.

SJÓNVARP

INNLENT EFNI

Framleiðsla RÚV árið 2023

Framleiðsla RÚV á sjónvarpsefni jókst á milli ára og uppfyllti skilyrði í samningi mennta- og menningarmálaráðuneytis og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, sbr. tölulegar upplýsingar í fylgiskjali 1.

Fréttatengt efni

Fréttatengt efni í sjónvarpi er Kastljós og Kveikur, Í Kastljósi er dægurmálaumræða, stjórnsmál, efnahagsmál og samfélagsleg mál ásamt menningarmálum. Ritstjóri var Baldvin Þór Bergsson og með honum voru þau Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Guðrún Sóley Gestsdóttir og Bergsteinn Sigurðsson. Þau fengu svo aukinn liðsauka þegar leið á árið sem voru Viktoría Hermannsdóttir og Óðinn Svan Óðinsson. Áfram var lögð áhersla á málefni líðandi stundar og klippt innslög í bland við viðtöl í beinni útsendingu.

Í Kveiki er stunduð rannsóknblaðamennska og kafað djúpt í erfið efni, fréttatengd mál afhjúpuð og fjallað um misbeitingu valds. Þær breytingar urðu á að Þóra Arnórsdóttir ritstjóri kvaddi RÚV eftir áralangt starf og við ritstjórn tók Ingólfur Bjarni Sigfússon. Vönduð umfjöllun um áhugaverð málefni unnin með aðferðum rannsóknarblaðamennsku voru mörg og vöktu nokkur alveg sérstaka athygli. Má þar nefna Sílikonbrjóstamálið, bresti í kerfinu fyrir börn í vanda, á vígaslóð í Úkraínu, hoppukastalalysið, Oxycontin og umhverfisslys í Patreksfirði og loks var áhrifaríkur þáttur um hamfarirnar í Grindavík.

Breytingar urðu á Silfrinu þegar Egill Helgason lét af umsjón með þættinum og Sigríður Hagalín, Bergsteinn Sigurðsson og Valgeir Örn Ragnarsson tóku við. Þann 25. September fór Silfrið á dagskrá á mánudagskvöldum eftir eilítið stytta fréttatíma. Það má segja að þessi tímasetning hafi reynst hin besta því áhorfið hefur aukist jafnt og þétt á þáttinn eftir að hann var fluttur af sunnudögum yfir á mánudaga og áfram eru til umfjöllunar helstu pólitísku átök líðandi stundar og samfélagsmál sem brýnt erindi eiga við almenning.

Þann 28. nóvember hóf göngu sína nýr umræðuþáttur Torgið, en honum var ætlað að fara út í samfélagið og kalla til fólkið í landinu, varpa fram spurningum og kalla eftir svörum frá þeim sem þau eiga að veita. Torginu er ætlað að tala um málefni sem rædd eru af kappi á kaffistofum landsins.

Eldsumbrot í Grindavík voru nýhafin þegar fyrsti þáttur fór í loftið þann 28. nóvember og lá því beinast við að bjóða Grindvíkingum til samtals á Torgið.

Menning og mannlíf

Gísli Einarsson leiddi kraftmikinn hóp samstarfsfólks í Landanum þar sem fjallaði var um allskyns hundakúnstir, kynjaverur, konur, kvár, menn og málefni. Landinn fer um landið allt og gefur innsýn í allt undir sólinni. Nálgunin er fjölbreytt og umsjónarmenn auk Gísla eru Edda Sif Pálsdóttir, Þórgunnur Oddsdóttir, Hafsteinn Vilhelmsson, Elsa María Guðlaugs-Drífudóttir og við hópinn bættist svo síðla árs Þórdís Claessen.

Vikan með Gísla Marteini og Berlindi Festival var með hefðbundnum hætti. Fram komu og fjölmargir í sjónvarpssal á föstudagskvöldum og skemmtu áhorfendum með umræðum um mál vikunnar á gamansömum nótum sem fléttuð eru inn í líf viðmælenda. Vikan leggur mikinn metnað í að frumflytja íslenska tónlist og var árið 2023 þar engin undantekning. Margar og fjölbreyttar hljómsveitir, einleikarar og allt þar á milli fluttu nýja tónlist.

Sigurlaug Margrét Jónasdóttir fékk til sín góða gesti í Okkar á milli þar sem rædd voru hjartans mál af mikilli einlægni. Egill Helgason hélt utan um Kiljuna ásamt góðum hópi gagnrýnanda fjallaði þar um áhugaverðar nýútkomnar bækur, heimsótti rithöfunda um land allt og fór yfir það sem helst kemur út á prenti.

KrakkaRÚV, þjónusta fyrir börn yngri en sextán ára, hélt áfram göngu sinni með auknu framboði af innlendu efni sem gjarnan er skapað af börnum. UngRÚV er ætluð krökkum á aldrinum 13-16 ára og dagskrá var oft efni sem þessi aldursflokkur stóð að.

Söngvakeppnin

Söngvakeppnin og systurbættir keppinnar fór líkt og undanfarin ár af stað um miðjan febrúar og sem forskot á söngvasælunni voru þann 28. janúar lögin og flytjendur kynntir í sérstökum sjónvarpsþætti. Árið 2023 var söngvakeppnin send út frá stúdíói Gufuness og tókst hún mjög vel. Tíu lög öttu þar keppni og líkt og áður voru tvö undankvöld haldin með glimmeri og glamúr, þann 18. febrúar það fyrra og 25. febrúar það síðara- og svo var sigurvegarinn krýndur með pompi og prakt íúrslitabættinum þann 4. mars. Eftir æsispennandi keppni var það Diljá sem sigraði með lagið Power. Af áhorfi að dæma er Eurovision enn einn stærsti og vinsælasti sjónvarpsviðburður ársins.

Kynnar voru Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, Unnsteinn Manúel og útvarpsmaðurinn og tónlistarstjóri Rásar 2, Sigurður Þorri Gunnarsson.

Þættirnir #12 stig og Alla leið voru enn sem áður niðurtalningin í stóru stundina, í umsjá Felix Bergssonar. Var þar farið yfir þau lög sem Ísland keppti við það árið.

Söngvakeppni evrópsku sjónvarpsstöðvanna var að þessu sinni haldin í Liverpool á Englandi. Íslenska lagið keppti á fyrra undanúrslitakvöldinu þann 9. maí, en því miður komst það ekki í lokakeppnina sem haldin var 13. maí og voru það frændur okkar Svíar sem unnu með sínu framlagi og verður því næsta keppni haldin í Malmö í Svíþjóð.

Spurningar og svör

Að vanda hófst nýja árið með spurningakeppni framhaldsskólanna, Gettu betur og var hún sem áður undir stjórn Kristjönu Arnarsdóttur. Að lokinni spennandi viðureign í útvarpi tóku við sjónvarpsútsendingar þar sem 8 lið kepptu til úrslita. MR og FSU mættust í lokabættinum sem var sendur út frá í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ. Það voru sem fyrr þau Jóhann Alfreð Kristinsson og Laufey Haraldsdóttir sem voru spurningahöfundar og dómamar.

Rás 2 átti 40 ára afmæli á árinu 2023 og af því tilefni ákvað RÚV að leggja í framleiðslu á nokkrum spurningabáttum þar sem rifjaðir voru upp helstu stjórnur áttunnar, níunnar, núllsins, ássins. Að auki var gerður sérstakur jólabáttur. Með á nótunum hét sá ágæti þáttur þar sem tíska, tíðarandi, fréttir, tónlist og margt fleira þvældist fyrir keppendum. Umsjónarmenn voru Salka Sól, Helga Margrét Höskuldsdóttir, Sigurður Þorri Gunnarsson og Guðrún Dís Emilsdóttir.

Kappsmál er orðinn einn vinsælasti skemmtiþáttur RÚV þar sem gestir spreyta sig blæbrigðum íslenskunnar. Umsjón höfðu Bragi Valdimar Skúlason og Björg Magnúsdóttir.

Jóladagskrá

Árið 2023 var jóladagskráin fjölbreytt á RÚV. Jólástjarnan var í fyrsta sinn kynnt á RÚV í þremur þáttum og þar kepptu unglingar um að koma fram á hinum árlegu tónleikum Björgvins Halldórssonar. Ný íslensk stuttmynd, með þjóðsögulegu ívafi var frumsýnd, Þið kannist við...- Sagan um jólaköttinn. Þátturinn átti upphaflega að vera barnaefni, en þegar myndin fékk hárin til að rísa á fullorðnum áhorfendum var henni fundinn staður í kvölddagskrá. Jólatónleikaflóðið var mjög fjölbreytt í ár og má þar nefna Jólagesti Björgvins, Julevenner Emmsjé Gauta, bæði ritskoðuð og óritskoðuð útgáfa. Sérstakur jólabáttur af Fyrir alla muni í umsjón Viktoríu Hermannsdóttur og Sigurðar Helga Pálmasonar fjallaði gamlar jólahefðir. Jól í Norðurljósum skartaði nokkrum helstu söngkonum landsins, Ellen Kristjáns, Kristjönu Stefáns, Guðrúnu Gunnars og Röggju Gröndal. Friðarstund í Fríkirkjunni var sýnd og til þess að rifja upp hvernig halda skuli almennilegar jóla- og áramótaveislur var

Veislan með tvo þætti yfir hátíðarnar, þætti um jól og áramót. Nýr umsjónarmaður Veislunnar, Sverrir Þór Sverrisson var þar í slagtogi með Gunnar Karli sem reiddi fram hvern réttinn á fætur öðrum á meðan Sverrir undirbjó gillið.

Hinir hefðbundnu fréttu- og íþróttaráttir voru á dagskrá um áramótin ásamt Áramótaskaupinu. Að þessu sinni voru það Hraðfréttamennirnir Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson sem leikstýrðu og framleiddu. Messur og menningarannáll voru auk þess á dagskrá.

Íslenskar þáttaraðir

RÚV framleiddi marga íslenskar þáttaraðir auk þess að kaupa af sjálfstæðum framleiðendum. Má þar nefna Fílalag í umsjá Bergs Ebba og Snorra Helgasonar og menningarþáttinn Opnun sem fylgdi sex listamönnum sem undirbjuggu samsýningu. Önnur þáttaröðin af Dagur í lífi var sýnd á árinu og um páskana fór af stað þáttaröðin Tvíbura þar sem Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir fylgdist með fæðingu tvíbura og þeim áskorunum, leik og gleði sem fylgir því að eignast og ala upp tvíbura. Þáttaröðin Eyðibýli gaf innsýn inn í yfirgefin hús sem vekja forvitni á ferð um landið, Mannflóran eru heimildarþættir sem fjalla um fjölmenningu í íslensku samfélagi og tekur á spurningum eins og hvernig hefur þjóðarímyndin breyst með auknum fjölda fólks af erlendum uppruna. Chanel Björk Sturludóttir varpaði þar ljósi á erfiðleika þá sem fólk af erlendum uppruna mætir í daglega lífinu í íslensku samfélagi og kostina sem felast í fjölmenningu.

Aðrir þættir sem vert er að nefna eru Baráttan er ekki búin eftir Guðrúnu Sóleyju Gestsdóttur sem unnin var samhliða Hinsegin dögum. Aðrir fastir liðir eru þættir eins og Með okkar augum en þrettánda þáttaröðin var sýnd á árinu. Fleiri Hvunndagshetjur voru auk þess kynntar í samnefndum þáttum og til þess að mæla og meta hvernig allar þessar íslensku hetjur eru, var framleiddur þátturinn Svona erum við...- en þar skygndist Gunna Dís inn í sálarlíf þjóðarinnar með því að draga upp myndir af viðhorfi og hegðun landans eftir mælitækjum markaðsrannsókna. Hvað hreyfir við okkur og hvernig erum við í raun og veru?

Í tilefni af 40 ára afmæli Rásar 2 voru þættirnir Fyrst og fremst sýndir þar sem 10 af uppáhaldslögum þjóðarinnar sem valin höfðu verið í kosningu á Rás 2 voru til umfjöllunar.

Viðburðir og beinar útsendingar

Margir viðburðir og beinar útsendingar voru á dagskrá RÚV. Má þar nefna Íslensku bókmenntaverðlaunin, Grímuna, Edduna, íslensku menntaverðlaunin og tónlistarverðlaunin. Svo eru það fastir viðburðir sem yngri kynslóðin stendur fyrir eins og Skrekkur, Skólahreysti, Söngkeppni Samfés, Sögur, verðlaunahátíð barnanna, sem var vel heppnuð í ár.

Þann 29. maí var óvæntu ákalli svarað þar sem Ellen Kristjáns tónlistarkona í samstarfi við fjölmarga tónlistarmenn og Rauða Krossinn vakti athygli á ógnvekjandi ópíóðafaraldri á landinu. Útsendingin Vaknaðu! tókst vonum framar og í samstarfi við Hörpu var henni komið á, á mettíma. Í þættinum var fólk hvatt til að gefa fé söfnuðust yfir 40 milljónir króna sem nota á til að auka meðvitund um skaðsemi ópíóða og þau skaðaminnkandi úrræði sem í boði eru.

En stóri söfnunarpáttur haustsins var að þessu sinni helgaður Grensásdeildinni og fékk útsendingin nafnið Söfnunarpáttur fyrir Grensás, gefum byr undir báða vængi.

Fjölmargir tónleikar voru ýmist teknir upp eða sýndir beint og var Tónaflóð á menningarnótt stærsti viðburðurinn. Af öðrum tónleikum má nefna Eyjatónleika, Laufey og Sinfóníuhljómsveit Íslands, Aldrei fór ég suður, Bræðsluna, Sigga og Siggú með Sinfóníuhljómsveit Íslands og Iceland Airwaves. Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt áfram í sama horfi og áður og voru tónleikar haustsins tileinkaðir kvikmyndatónlist. Sinfóníukvöld í sjónvarpi og Græna röðin eru svo hápunktar klassísku tónlistarveislu þeirrar sem RÚV býður upp á ári hverju.

Nokkur uppistönd þekktra grínara voru sýnd árinu og má þar nefna Loksins eftirhermur - Sóla Hólm og Allt í góðu hér með Snjólaugu Lúðvíksdóttur. Við sýndum auk þess nokkur leikrit, meðal annars Góðan daginn Faggi og Blátt áfram Björk.

Íslenskar kvikmyndir

Íslenskar kvikmyndir eru vinsælt efni á RÚV og árið 2023 og líkast hefur fjöldi þeirra aldrei eða sjaldan verið meiri á einu ári.

RÚV hefur lagt sig fram um að styðja við íslenska kvikmyndagerð og hefur að vanda keypt sýningarréttinn af flestum þeim myndum sem framleiddar eru af fagfólki. Margar íslenskar myndir eru orðnar klassík og því eru nokkrar þeirra sýndar a.m.k. einu sinni á ári. Má þar nefna Stellu í Orlofi og svo ekki sé minnst á Með allt á hreinu.

Aðrar myndir voru verðlaunamyndin Dýrið, Andið eðlilega, Skjálfti, Undir trénu, Wolka, Benjamín Dúfa, Berdreymi, Djúpið, Útlaginn, Lilja, Blossi, Englar alheimsins, Böðullinn og skækjan, Sódóma Reykjavík, Óskabörn þjóðarinnar, Fíaskó, Foreldrar, Íkingut, Stella í framboði, Dís, Kona fer í stríð, Fyrir framan annað fólk, Tryggð, París norðursins, Reykjavík, Þrestir, Héraðið, Ég man þig, Húsið, Draugasaga, Abbabbab, Eiðurinn og Undir halastjörnu. Auk þess voru sýndar stuttmyndirnar Hreiðrið, Selshamurinn og Dunhagi 11.

Íslenskar heimildarmyndir

RÚV leitast við að vera leiðandi á sviði íslenskra heimildamynda og heimildapáttaraða og á það við klassískar myndir, listrænar, fróðlegar, frumlegar og fjölbreyttar. Þetta ár var ekki nein undantekning á því og var úrvalið fjölbreytt.

Heimildamyndárið 2023 byrjaði með átta þátta röðinni Stormur í umsjón Jóhannesar K. Kristjánssonar og Sævars Guðmundssonar um Covid faraldurinn og áhorf á þáttaröðina var með afbrigðum gott. Ímynd var svo heimildapáttaröð um íslenska ljósmyndara frá upphafi í leikstjórn Hrafnhildar Gunnarsdóttur sem sýndi lífið á bakvið linsuna. Rithöfundaröð okkar státaði af myndum um Auði Haralds og Einar Kárason. Hringfarinn, Kristján Gíslason og kona hans Ásdís Rósa Baldursdóttir, eyddu Covid árunum í að ferðast um heimaslóðir á mótorhjóli og sýndi RÚV afraksturinn í þremur þáttum. Fótboltaáhugafólk fékk svo þætti um gullaldarár ÍA en þáttaröðin Skaginn var á dagskrá á haustmánuðum og fjallaði um uppgang þess liðs og áratugabaráttu liðsins við KR um efsta sætið. Andri Freyr og Dóra Takefusa rifjuðu upp dökkar og dimmar eða góðar og glaðlegar stundir frá næturlífinu í þáttunum Tjútt sem færðu okkur allt frá Glaumbæ til Kaffibarsins.

Af stökum heimildamyndum má nefna Sundlaugasögur, Stórmeistarann, í tveimur hlutum og myndina Er ást um Þorvald Þorsteinsson heitinn. Myndin Magnús og Jóhann var tónleikamynd í bland við heimildamynd. Um páskana sýndum við tveggja þátta mynd um Skeggja Ásbjarnarson sem unnin var í framhaldi af hlaðvarpsþáttum Þorsteins J. og voru á dagskrá Rásar 1 árið 2022. Aðrar myndir voru Tímar tröllanna, La Chana og Eru ekki allir sexý? sem var saga af hljómsveitinni Síðan skein sól. Rapparar fengu svo hina einlægu Mold Emmsjé Gauta og svo má nefna Rafhring Íslands, Atomy og Baráttuna um Ísland í tveimur hlutum um uppgjör eftir bankahrunið. Útrýming eða uppreisn í leikstjórn Sigurjóns Sighvatssonar fjallaði um loftlagsvá og Konungur fjallanna var um Kristinn í Skarði fjallkóng. Góður strákur og vel upp alinn var blanda af heimildamynd og tónleikamynd um listamanninn Prins Póló sem lést eftir erfið veikindi á árinu. Surtsey, land verður til, gaf okkur innsýn inn í nýtt líf á nýrri eyju, sýnd þann 14. nóvember í tilefni þess að 60 ár voru frá því að Surtseyjargosið hófst. Maður margra tóna um Jón Ólafsson tónlistarmann var svo í jóladagskránni og loks hin áhrifamikla Soviet Barbara um listamanninn Ragnar Kjartansson og stórmerkilega sýningu hans sem var nýopnuð í Rússlandi þegar innrásin í Úkraínu hófst.

Leiknir íslenskir þættir

Fjórða þáttaröð af Kanarí var á dagskrá í janúar en stóra leikna þáttaröðin árið 2023 var frumsýnd um páskana, þáttaröðin Afturelding sem framleidd var af ZikZak eftir Hafstein Gunnar Sigurðsson og Halldór Laxness Halldórsson. Þættirnir átta segja sögu handboltastjörnu sem tekur við þjálfun kvennaliðs Aftureldingar eftir margra ára óreglu. Með aðalhlutverk fóru Ingvar E. Sigurðsson, Svandís Dóra Einarsdóttir og Saga Garðarsdóttir. Þættirnir fengu mikla umfjöllun og áhorf.

Tímamót og sögulegir viðburðir

Þau miklu tímamót urðu í janúar 2023 að 50 ár voru liðin frá eldgosinu í Heimaey. Af því tilefni dustaði RÚV rykið af nokkrum gömlum gosmyndum og myndefni frá árinu 1973 sem til var í safni. En á þeim tíma var ekki ljóst að stórir sögulegir atburðir væru í vændum áður en árið var liðið. Rétt eins og 23. janúar 1973 mun 10. nóvember 2023 trúlega verða greypur í minni þjóðarinnar. Undir miðnætti þann dag þurftu íbúar Grindavíkur að taka saman föggur sínar og flýja heimili sín í skjóli myrkurs vegna gríðarlegra jarðhræringa á Reykjanesi. Jarðskjálftahrinur höfðu haldið íbúum vakandi vikum og mánuðum saman og tvö eldgos á skaganum höfðu talið vísindamönnum trú um að nú væri gosbeltið á þeim stað að vakna. Eldgos hófst svo 18. desember og sér því miður ekki fyrir endann á þeim hamförum.

ERLENT EFNI

Erlend innkaup og dagskrársetning tekur í auknu mæli mið af sérstökum áherslupunktum þar sem lagt er upp með sérvalin viðfangsefni sem talin eru eiga sérstakt erindi við þjóðina. Við beindum þannig sjónum okkar að mannréttindum, hnattrænni hlýnun sem og jákvæðni og gleði í dimmasta mánuði ársins, janúar. Stríðinu í Úkraínu voru gerð sérstök skil auk þess sem sérstakur fókus var á Rússlandi, þ.á m. í seríu frá DR, Skuggastríð (Skyggekrigen) þar sem norrænir rannsóknarblaðamenn rannsökuðu hvernig njósnum Rússa er háttað á Norðurlöndum.

Heimildaseríur frá BBC með David Attenborough í fararbroddi voru á dagskrá á vormánuðum. Síðari hluta júní var rifjuð upp 50 ára saga Glastonbury tónlistarhátíðarinnar. Einnig var sýnt beint frá krýningu Karls þriðja konungs.

Mái og júní voru tileinkaðir hnattrænni hlýnun. Þættirnir Staðreyndir um loftslagsbreytingar (Climate Change the Facts), Norðurheimskautið: Ár á ísnum

(Artic Drift: A year in the Ice) og 100 milljarða plastvandamál (The 100 Billion Plastic Problem).

Mikið úrval var af leiknu norrænu efni er afrakstur samnorræns samstarfs Ríkisútvarpsins í N12. Þáttaraðir byggðar á sönnum atburðum voru þar áberandi, sbr. danska serían Carmenrúllur (Carmen Curlers) sem rekur hvernig danska uppfinningin Carmen-rúllurnar sigruðu heiminn á 6. og 7. áratug síðustu aldar. Sænska serían Veðmálshneykslið (Spelskandalen) byggir á sannri sögu sem skók sænska íþróttahæiminn á tíunda áratug síðustu aldar. Einnig leit dagsins ljós þriðja og jafnframt síðasta sería af Útrás (Exit), þar sem vinirnir fjórir eiga ekki sjö daganna sæla.

Breskt leikið efni heldur áfram að mælast með gott áhorf. Þættir á borð við: Séra Brown, Veru, Barnaby ræður gátuna og Ljósmóðirin. Sjö ár bið var síðan á enda þegar þriðja serían af Hamingjudalnum (Happy Valley) leit dagsins ljós.

Þá voru frumsýndar sakamálaseríur frá Portugal, Suður (Sul) og tvær pólskar seríur, Kennarinn (Belfer) og Ymur (Klangor).

Sjá nánar fylgiskjal 1.

SJÓNVARPIÐ Í SPILARA RÚV

Á spilara RÚV er boðið upp á fjölbreytt sjónvarpsefni sem hægt er að njóta þegar hentar og þar sem hentar. Þar er allt efni úr dagskrá sjónvarpsins auk valins efnis úr safni. Á spilaranum er gott úrval erlendra leikinna þáttaraða frá Norðurlöndunum, Bretlandi og víðar. Íslenskt efni er alltaf í fyrirrúmi jafnt skemmtiefni, leikið efni og heimildarefni. Áhorf á sjónvarpsefni í spilara RÚV, á vefnum, í öppum í þjónustum símafyrirtækjanna heldur áfram að aukast ár frá ári. Helsta breytingin frá árinu 2022 var jafnari nýting yfir árið. Efni var sótt í spilarann jafnt um sumar og um vetur.

Með spilaranum gefst tækifæri til að draga fram þemu og viðeigandi efni við ýmiskonar tilefni. Dæmi um þemu sem boðið var upp á árið 2023 eru grín og gamanþema, Innblástur, geðheilsa og líðan, 50 ár frá gosi í Vestmannaeyjum, Vika6, stríð í Úkraínu, Hollywood, #BlackLivesMatter, Páskahám, Kósíkvöld fyrir fjölskylduna, Náttúra og umhverfi, Sjómannadagurinn, Kvennaveikfall, Reykjavík Pride, alþjóðadagur Alzheimer, 40 ára afmæli Rásar2, Íslenskt bíósumar, Grænland, evrópskar kvikmyndir og leikið pólskt efni.

Barnaefni var mest sótt á spilara RÚV árið 2023 og voru teiknimyndirnar um hvolpinn Blæju vinsælastar ásamt öðrum teiknimyndum og Stundinni okkar. Leiknar þáttaraðir, jafnt innlendar sem erlendar, voru einnig mikið

sóttar. Má þar nefna Aftureldingu, írsku spennuþáttaröðina Kæfandi ást (Smother), norsku þættina Útrás, bresku sakamálaþættina Hamingjudalur (Happy Valley), bresku spennuþættina Grafín leyndarmál (Unforgotten) og íslensku þáttaröðina Hvítar lygar. Einnig naut íslenskt heimildarefni mikilla vinsælda. Þar má nefna þáttaraðirnar Tvíburar, Stormur, Skeggi og Skaginn og heimildarmyndirar Sundlaugasögur, Atomy, Baráttan um Ísland, Sovíet Barbara og Konungur Fjallanna. Þegar boðið er upp á íslenskar kvikmyndir njóta þær undantekningalaust vinsælda. Sýndar voru meðal annars myndirnar Skjálfti, Svar við bréfi Helgu, AbbaBabb!, Berdreymi og Dýrið. Fastir liðir RÚV nutu einnig vinsæla á spilara. Má þar nefna Vikuna með Gísla Marteini, Áramótaskaup, Með á nótnum, Kveik, Kappsímál, Landann, Okkar á milli, Kastljós, Söngvakeppnina, Dag í lífi, Kiljuna og Silfrið. Mest var horft á spilarann 1. janúar og 5. mars. Þá voru Áramótaskaupið og Úrslit Söngvakeppninnar mest sótt.

Í upphafi árs var áhersla á efni sem léttir lundina. Grínefni, hugljúft efni sem veitir innblástur og efni um geðheilsu og líðan. HM karla í handbolta var á sínum stað og gerði eflaust nokkuð til að lyfta lundinni í skammdeginu. Einnig var í boði efni úr safni RÚV í tilefni 50 ára frá gosi í Eyjum.

Í sjöttu viku ársins er Vika6 þar sem vakin er athygli á kynheilbrigði og góðum samskiptum. Á spilara RÚV mátti finna innlent og erlent sjónvarpsefni því tengdu.

Í febrúar og mars voru Söngvakeppnin og Eurovision áberandi á spilaranum. Á sama tíma var einnig í boði úrval erlendra heimildarmynda. Í febrúar var áhersla á Úkraínu vegna átakanna þar og í spilara RÚV voru meðal annars myndirnar Mariupol Unlost Hope, Against all Odds, Pútín og Zelensky forseti. Í mars var boðið upp á úrval mynda og heimildarþætti um Hollywood í tilefni Óskarsverðlaunanna. (JFK, Pig, Dallas Buyers Club, Saga kvikmyndanna, Ennio, Traust í blindni).

Árið 2023 voru tíu ár frá því að baráttubylgja, sem notar myllumerkið #BlackLivesMatter, hófst. Að því tilefni var þema á spilara RÚV með úrval heimildarmynda og leikinna mynda sem fjölluðu um baráttu svartra í Bandaríkjunum og í Bretlandi. (Frelsisbarátta svartra Bandaríkjamanna, Ég er ekki negrinn þinn, Andóf í fjandsamlegu umhverfi, Lítil þúfa, Lífshlaup í tíu myndum).

Um páskana var boðið upp á úrval leikinna þáttaraða til að hámhorfa í sumarbústaðnum (Atburðir við vatn, Dansmeyjar, Horfin, Útrás III o.fl.), gæðaefni fyrir fjölskyldur og íslensku myndirnar Berdreymi og Á ferð með mömmu. Sýningar á þáttaröðinni Afturelding hófst um páskana við góðar undirtektir. Áhorf á Aftureldingu í spilara var gott út árið og endurspeglar það

hvernig fólk nýtir sér æ meira kosti þess að geta nálgast efni á spilara á öðrum tímum en efnið er á dagskrá í Sjónvarpinu.

Þegar leið fram á vorið í maí var í boði efni um vorverkin í garðinum og efni um náttúru og umhverfi. Á Alþjóðlegum degi umhverfismála (5. júní) var á spilara þema um náttúru- og umhverfismál.

Efni um konur og baráttu kvenna var lyft upp á Alþjóða baráttdegi kvenna 8. mars. Fleiri tilefni gáfust til að bjóða viðeigandi efni eins og til dæmis á Sjómannadeginum, 17. júní, Kvenréttindadeginum, í kringum Reykjavík Pride, í tilefni kvennaverksfalls, á degi íslenskrar tónlistar, á alþjóðadegi Alzheimer og svo framvegis

Í júní hófust þættirnir Með á nótnum í tilefni 40 ára afmælis Rásar 2. Samhliða þeim var þema í dagskrá og á spilara í tengslum við hvern áratug sem var til umfjöllunar. Þá var boðið upp á bíómyndir, dægurmálþætti og menningarþætti sem tengdust áttunni, níunni, núllinu og ásnúnum.

Í júlí var í spilaranum úrval íslenskra bíómynda undir yfirskriftinni Íslenskt bíósumar á meðan HM kvenna í fótbolta var áberandi í dagskrá Sjónvarps. Í ágúst var boðið upp á efni í tengslum við Reykjavík Pride (Hinsegin daga). Í september var þema um frjósemi meðgöngu, fæðingar og börn um leið og í boði var úrval efnis tengt kynfræðslu. Einnig var sérstakt Grænlandspema og hægt að nálgast í spilara eldri umfjallanir um hátíðina RIFF í gegnum árin í tilefni þess að hátíðin var 20 ára.

Í október tók við hrekkjavökupema og leikið pólskt efni. Í nóvember voru 60 ár frá upphafi gosins sem mótaði Surtsey og að því tilefni var heimildarmynd um Surtsey frumsýnd ásamt því að efni úr safni var gert aðgengilegt á spilara. Í nóvember var úrval evrópskra kvikmynda á spilara. Í desember var hefðbundið jólaþema, jólahám og hátíðardagskráin eins og hún leggur sig. Rúmlega 50 leiknar þáttaraðir og um 40 kvikmyndir voru aðgengilegar á spilara RÚV yfir hátíðarnar.

ÍPRÓTTIR

ÍPRÓTTAÐEILD RÚV

RÚV fylgir afreksfólki Íslands eftir og birtir ípróttæfni sem sameinar þjóðina. Við fjöllum um fjölbreyttar ípróttagreinar og allar mögulegar hliðar á íslensku ípróttalífi. RÚV leggur mikla áherslu á að fjalla um ípróttaiðkun allra kynja og ólíkra hópa. Með þessu varðveitum við ípróttasögu Íslands og hvetjum til aukinnar ípróttaiðkunar meðal þjóðarinnar.

HM kvenna í fótbolta

Heimsmeistaramót kvenna í fótbolta var að þessu sinni haldið í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi. Ísland var ekki meðal þátttökuliða. Allir 64 leikir mótsins voru sýndir í beinni útsendingu á RÚV og RÚV 2 og HM-stofan gerði svo upp alla leikina. Mótið var mjög vel heppnað og aldrei hafa fleiri horft á HM kvenna í fótbolta um allan heim.

Íslandsmót, bikarúrslit, Skólahreysti og aðrir viðburðir

RÚV hélt áfram að sýna frá Íslandsmótum og bikarúrslitum í ýmsum íþróttagreinum. Meðal annars voru beinar útsendingar frá Íslandsmóttinu í golfi, borðtennis, hestaíþróttum og fimleikum. Einnig voru var sent út frá bikarúrslitum í handbolta, körfubolta, fótbolta, blaki og fimleikum. Þá var sýnt frá fjölda greina á Reykjavíkurlaikunum auk þess sem Skólahreysti var á sínum stað. Þar keppa nemendur í grunnskólum landsins sín á milli í ýmsum greinum sem reyna á kraft, styrk og þol keppenda.

Á árinu sýndi RÚV heimildarþætti um lið ÍA sem vann einstakt afrek í íslenskri knattspyrnusögu þegar það varð Íslandsmeistari karla fimm ár í röð á árunum 1992-1996. Í þáttunum fóru þjálfarar, leikmenn, andstæðingar, stjórnarmenn, stuðningsfólk og fjölmiðlafólk yfir þetta sögulega tímabil.

Landsliðin okkar

Heimsmeistaramót karla í handbolta var haldið í Svíþjóð í janúar og eftir gott gengi á EM árið áður var hugur í leikmönnum Íslands og íslensku þjóðinni. Ísland var í snúnum riðli og mætti þekktum andstæðingum í fyrstu tveimur leikjunum. Eftir sigur á Portúgal kom grátlegt tap fyrir Ungverjalandi. Öruggur sigur vannst svo á Suður-Kóreu í lokaleik riðlakeppninnar og Ísland varð í öðru sæti riðilsins. Í milliriðli endaði íslenska liðið í þriðja sæti og munaði þar enn tapinu fyrir Ungverjalandi úr undanriðlinum. Ísland var úr leik og endaði í 12. sæti á móttinu. Eins og venjan er á stórmótum í handbolta greip íslensku þjóðina handboltafár og fimmta árið í röð var karlalandslíð Íslands í handbolta vinsælasta sjónvarpsefnið í flokki íþróttáútsendinga.

Kvennalandslíð Íslands í handbolta komst á sitt fyrsta stórmót í tólf ár þegar liðið fékk boðssæti á heimsmeistaramóttinu sem haldið var í lok árs. Þrátt fyrir hetjulega baráttu komst liðið ekki í milliriðil.

Þátttöku Íslands á HM var þó ekki lokið því íslenska liðið fór í keppni neðstu liða mótsins sem kallast Forsetabikarinn. Ísland spilaði þá til úrslita við Kongó og vann leikinn, 30-28. Ísland fékk því Forsetabikarinn og endaði um leið í 25. sæti af 32 liðum á HM.

Íslenska kvennalandslíðið í fótbolta keppti í Þjóðadeild Evrópu í fyrsta

sinn. Íslenska liðið sýndi sínar bestu hliðar í lokaleikjum riðilsins og vann fyrst Wales og svo kom glæsilegur 0-1 sigur á Dönum í Viborg. Ísland leikur við Serbíu í febrúar 2024 í umspili um hvort liðanna verður í A-deild í undankeppni næsta Evrópumóts og verða leikir Íslands í beinni útsendingu á RÚV.

Karlalandslið Íslands í körfubolta átti góðan möguleika á að komast í fyrsta sinn í lokakeppni heimsmeistaramótsins í ársbyrjun. Allt var lagt undir í lokaleik Íslands gegn Georgíu á útivelli og loftið var þrungið spennu í fjórða leikhluta. Þrátt fyrir að hafa sigrað, 77-80, missti Ísland af sæti á HM með minnsta mun. Liðið hefði tryggt sér sæti á HM með fjögurra stiga sigri.

Sem fyrr fylgdi íþróttadeild RÚV íslensku landsliðunum á stórmótum auk þess að vera með umfjöllun í myndveri hér heima.

Íþróttafólkið okkar

Íþróttadeild hélt áfram að sýna frá íþróttafólki okkar á EM og HM í beinni útsendingu.

Sundmaðurinn Anton Sveinn McKee lauk árinu á því að synda til úrslita í sinni sterkustu grein, 200 metra bringusundi, á Evrópumótinu í 25 metra laug. Þar átti hann í harðri baráttu um sigurinn allt til loka og endaði í öðru sæti. Anton Sveinn var fyrsti Íslendingurinn sem náði lágmarki fyrir Ólympíuleikana í París næsta sumar og synti til úrslita á HM þar sem hann endaði í sjöunda sæti.

Heimsmeistaramót íslenska hestsins var haldið í Hollandi í sumar og þar voru íslenskir knapar sigursælir. Íslendingar hafa aldrei unnið til jafn margra verðlauna á mótinu og í ár. RÚV var á staðnum og fjallaði um mótið í samantektarpáttum flesta keppnisdagana.

Sveindís Jane Jónsdóttir varð á árinu þriðji Íslendingurinn til að leika til úrslita í Meistaradeild Evrópu í fótbolta. Hún var í byrjunarliði Wolfsburg sem tapaði naumlega 3-2 fyrir sterku liði Barcelona. Sveindís varð því að láta sér lynda silfurverðlaun. Leikurinn var sýndur í beinni útsendingu á RÚV.

Íslendingar áttu þrjá keppendur á heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum sem haldið var í Búdapest í Ungverjalandi í ágúst. Okkar fólk komst ekki í úrslit að þessu sinni.

Sjá nánar fylgiskjal 1.

KRAKKARÚV

Fjölbreytt framboð var á efni fyrir börn og ungmenni í öllum miðlum RÚV árið 2023. Áhersla var lögð á fjölbreytileika og inngildinguna. Þjónusta við þau allra yngstu, 0-3 ára, hélt áfram að þróast og var mikil áhersla lögð á innkaup á

teiknimyndum. Einnig var áhersla á leikið efni þar sem Stundin okkar með Bolla og Bjöllu hélt áfram að þróast.

Dagskrá fyrir börn

KrakkaRÚV býður upp á fjölbreytt efni fyrir börn í línulegri dagskrá, í spilara og á vefmiðlum. KrakkaRÚV einbeitt sér að börnum á aldrinum 0-12 ára. Kjarni þjónustunnar er á krakkaruv.is þar sem spilarinn er staðsettur. Á vefnum má nálgast allt innlent og erlent barnaefni RÚV, gamalt og nýtt, fjölda myndskaiða úr safni sjónvarps og talsettar teiknimyndir ásamt vönduðum útvarpsþáttum fyrir börn. KrakkaRÚV er sent út í línulegri dagskrá alla daga klukkan 18-18.50 og um helgar klukkan 07-10. Að staðaldri eru framleiddir sex nýir þættir á viku auk annarrar framleiðslu. Á KrakkaRÚV er lögð mikil áhersla á að efnið sem framleitt er endurspegli íslenskt samfélag eins fjölbreytt og það er.

Krakkafréttir

Krakkafréttir halda áfram að festa sig í sessi og eru sem fyrr á dagskrá fjóra daga vikunnar. Þar eru fluttar skýrar og hnitmiðaðar fréttir af því helsta sem gerist í íslensku samfélagi og heiminum öllum. Í fréttatímum má meðal annars finna fréttir af vísindum, íþróttum, menningu og krökkum sem gera garðinn frægan. Gunnar Hrafn Kristjánsson og Kolbrún María Másdóttir héldu áfram að flytja fréttir í stóra fréttastúdíóinu. Auk hefðbundinna lesinna fréttanna var farið á vettvang, svo sem í tilefni þingsetningar og Barnaþings. Birta Steinunn Sunnu Ægisdóttir lagði Kolbrúnu og Gunnari lið áfram og flutti m.a. fréttir af leiðtogafundinum í maí. Breyting varð á ásýnd fréttanna á RÚV þar sem Krakkafréttir hafa frá því í mars 2023 verið táknmálstúlkaðar á aðalrás. Einnig urðu Krakkafréttir meira áberandi á Tiktok þar sem gerð voru sérstök myndbönd um það sem gerist á bak við tjöldin. Krakkafréttarárinu lauk á Krakkafréttaránnál þar sem Gunnar og Kolbrún fóru yfir fréttir ársins og ræddu við góða gesti.

Stundin okkar

Stundin okkar með Bolla og Bjöllu hóf annað ár sitt í sjónvarpi. Ævintýri Bolla og Bjöllu héldu áfram á skrifborðinu hans Bjarma. Ásthildur Úa Sigurðardóttir og Níels Thibaud Girerd fara með hlutverk álfanna og Árni Gunnar Magnússon er í hlutverki Bjarma. Arnór Björnsson, Óli Gunnar Gunnarsson og Mikael Emil Kaaber eru handritshöfundar og leikstjórn er í höndum Agnesar Wild.

Fyrri hluta ársins galdraðist Bjalla burtu af skrifborðinu og Bolli var einn eftir að reyna að finna hana. Seinni hluta ársins voru fimm þættir á skrifborðinu og í síðasta þættinum, sem var í tveimur hlutum, voru Bolli og Bjalla voru

ryksuguð af borðinu. Þau festust í ryksugupoka með álfinum Kuski. Inn á milli sáum við Bjarma í skólanum þar sem hann fór með samnemendum sínum í heimilisfræði og íþróttir.

Í lok nóvember hófst framhaldþáttaröðin Jólafلاك Bolla og Bjöllu, sem var sýnd alla sunnudaga til jóla. Í þáttunum óskuðu Bolli og Bjalla þess að Stundin okkar væri ekki til. Í þessari þáttaröð voru gamlir stjórnendur Stundarinnar okkar fengnir til að hitta Bolla og Bjöllu og hjálpa þeim að bjarga Stundinni okkar. Þetta voru Sigyn Blöndal, Björgvin Franz og Gunní og Felix auk Flakkarans og Herra Tívolí.

Húllumhæ

Bjarni Kristbjörnsson og Anja Sæberg fjölluðu um menningarheim krakka í Húllumhæ fram á vor. Þau lásu kynningar og gerðu innslög á vettvangi. Að hausti var ákveðið að breyta um stefnu og breyta Húllumhæ í ungmennapáttinn Hvað er í gangi? sem sagt er frá í kaflanum um UngRÚV.

Jólastundin

Jólastundin er einn elsti þátturinn á dagskrá RÚV og því óskaplega mikilvægt að hann haldi áfram að vaxa og dafna í takt við samfélagið. Í ár var ákveðið að blanda saman því sem hefur verið gert síðustu ár. Árið 2022 var Jólastundin alfarið leikin og 2021 var spjallþáttur. Því var ákveðið að fara millivegin 2023 og gera leikinn þátt sem gerist í spjallþætti. Laddi lék þáttastjórnandann sem var í tókum á Jólastundinni og fékk til sín ýmsa góða gesti. Það voru Fía Sól og Ingólfur Gaukur, Vigdís Hafliðadóttir og Geitin Síða. Með Ladda var Magnús Þór Bjarnason sviðsstjóri og Bikkja, sem Ilmur Kristjánsdóttir lék. Hressir jólasveinar komu í heimsókn, þeir Stekkjastaur, Hurðaskellir og Kertasníkir. Jólastundin var uppfull af skemmtilegum tónlistaratriðum þar á meðal steig á svið hópur barna í upphafs- og lokalagi ásamt tónlistarkonunum í Raddbandinu.

Þátttaka barna

Börn tóku þátt í ýmsum verkefnum á árinu. Nú er hægt að senda inn myndbönd í gegnum mitt.ruv.is og það hefur auðveldað yfirferð á innsendu efni. Börnum gafst tækifæri til að senda inn myndbönd og sækja um að taka þátt í eftirfarandi verkefnum:

Ungt fréttafólk

- Umsækjendur voru 40 og tíu voru valin til að flytja fréttir á Barna-menningarhátíð.

Jólastjarnan

- Hátt í 80 börn sendu inn myndband þar sem þau sungu jólalög. Tíu af þeim voru valin til að taka þátt í söngvakeppninni Jólastjarnan 2023.

Krakkaskaupið

- Á hverju ári koma ótal sketsar frá krökkum sem vilja taka þátt í Krakkaskaupinu. Þetta ár var engin undantekning þar sem Krakkarúv bárust 35 sketsar. Valdir voru sex sem voru gerðir að nýju með framleiðsluteymi Krakkaskaupsins.

Sögur

- Alls bárust 117 framlög í Sögur, 79 smásögur, 11 leikrit, 19 stuttmyndahandrit og átta lög.

Bókaklúbbur

- Börnum stóð til boða að vera með í bókaklúbbi KrakkaRÚV. Fjörutíu áhugasamir krakkar sendu inn myndbönd og tólf þeirra urðu bókaormar í útvarpsþættinum Hvað ertu að lesa. Þau sem ekki voru valin fá að vera í bókaklúbbi sem les þær bækur sem fjallað er um í næsta þætti. Þátturinn fer á dagskrá 2024.

Barnasáttmálinn

- Í tilefni af því að tíu ár eru frá því að Barnasáttmálinn var lögfestur á Íslandi gerði KrakkaRÚV myndband með Birtu Steinunni Sunnu- Ægisdóttur og Vilhjálmi Haukssyni sem tóku viðtal við barnamálaráðherra og fræddu önnur börn um Barnasáttmálann.

Krakkaskaupið

Krakkaskaupið var sýnt í kvölddagskrá, á besta sýningartíma, 30. desember og aftur að morgni gamlár dags. Áhorf á þáttinn er í hæstu hæðum og Krakkaskaupið er einn af fimm mest sóttu þáttum í spilara RÚV. Þátturinn var eins og áður byggður upp af innsendum myndböndum frá krökkum í bland við atriði sem handritshöfundurinn og framleiðandinn Árni Beinteinn skrifaði. Eins og áður bauðst krökkum að senda inn sketsa og sex af þeim voru endurgerðir með tókuliði og leikstjóra. Lokalagið samdi Íris Ósk.

Krakkakiljan

Bókaormarnir Emma Nardini Jónsdóttir og Auðunn Sölvi Hugason fjölluðu um uppáhaldsbækurnar sínar og aðrar nýttkomnar bækur. Þau ræddu við höfunda, þýðendur og myndhöfunda bókana í Kiljusettnu. Viðtölin voru sýnd í Húllumhæ. Um haustið hófst hugmyndavinna um nýjan bókaþátt fyrir börn í útvarpi og var stefnt á að setja þáttinn Hvað ertu að lesa í loftið í janúar 2024.

Sögur

Sögur er stórt samstarfsverkefni margra stofnana sem allar vinna að barnamenningu og sköpun. Það hófst 2017 og hefur stækkað ár hvert. Markmiðið er að auka læsi og áhuga á íslenskum barnabókum og sögum og upphæfa um leið barnamenningu á Íslandi.

Undirbúningur að Sögum 2023 hófst í október 2022 á því að KrakkaRÚV hvatti krakka til að senda inn smásögu, lag og texta eða handrit að stuttmynd eða leikriti. Höfundar þeirra sagna sem valdar voru tóku þátt í skapandi smiðjum þar sem fagfólk leiðbeindi og ævintýrin lifnuðu við. Sumar sagnanna voru gefnar út í rafbók á vegum Menntamálastofnunar, aðrar urðu að stuttmynd, nokkur lög lifnuðu við og leikrit litu dagsins ljós á fjöllum Borgarleikhússins. Það eru nefnilega engin takmörk fyrir því hvar góð saga getur endað.

Í ár bárust 23 stuttmyndahandrit og tvö þeirra voru valin til framleiðslu; Vekjaraklukkan eftir Bergdísi Sögu Sævarsdóttur og Úlfhildi Andradóttur í leikstjórn Sturlu Skúlasonar Holm og Dularfulla græna duftið eftir Árdísi Evu Árnadóttur, Berglindi Rún Sigurðardóttur, Freydísi Erlu Ómarsdóttur, Lovísu Rut Ágústsdóttur og Valgerði Ósk Þorvaldsdóttur í leikstjórn Heklu Egilsdóttur. Myndirnar voru allar settar saman í þáttinn Sögufólk framtíðarinnar ásamt efni um það sem gerist bak við tjöldin þar sem Anja Sæberg kynnti myndirnar. Þátturinn var sýndur sunnudaginn fyrir verðlaunahátíðina Sögur sem var haldin í Hörpu 3. júní.

Verðlaunahátíðin Sögur er lokapunktur þessa stóra samstarfsverkefnis. Þar eru verk barnanna verðlaunuð auk þess sem krakkar fá tækifæri til að verðlauna það menningarefni sem þeim fannst skara fram úr á árinu. Hátíðin var sýnd í beinni útsendingu, kynnar kvöldsins voru Kolbrún María Másdóttir og Gunnar Hrafn Kristjánsson og þau sungu og dönsuðu upphafs- og lokalagið með hópi af krökkum. Þrjú lög sem voru send inn í Sögur voru útsett og frumflutt á hátíðinni. Reykjavíkurdætur, Frikki Dór og Vigdís Hafliða fluttu lögin. Heiðursverðlaunahafi hátíðarinnar var Brian Pilkington.

Teiknimyndir

KrakkaRÚV býður upp á fjölbreyttar og skemmtilegar teiknimyndir fyrir börnin. Aðaláherslan er á að kynjahlutfall aðalpersóna sé jafnt og að viðfangsefni teiknimyndanna dreifist á aldurshópinn. Þáttaröðin Blæja (Bluey) sem frumsýnd var í lok árs 2021 fór á flug og hefur vakið gríðarlega athygli. Blæja hefur tekið fram úr Hvolpasveitinni sem vinsælasti þátturinn í dagskránni, sem er stórkostlegt afrek. Gamalt efni í bland við nýtt var á dagskrá og

Þættirnir sívinsælu um Friðþjóf forvitna komu aftur á dagskrá auk þess sem Múmínálfarnir og Strumparnir birtust aftur í sjónvarpinu. Áhersla var lögð á efni sem byggist upp á fræðslu og má þar nefna tölukubbana, Bursta og Fílsa og vélarnar. Einnig var sett á dagskrá vandað leikið efni fyrir eldri krakka, Silferpoint og Superheltskolen, sem vöktu mikla athygli.

Smástund

Þjónusta við yngstu börnin hélt áfram að dafna og þar er Smástund í fararbroddi. Gerðir voru átta þættir auk eins jólaþáttar. Í þáttunum er notað tákni með tali, íslensk sönglög og einföld grafík enda eru þeir sérstaklega gerðir til þess að örva málþroska og skilning barna á íslenskri tungu. Um dagskrárgerð sér Agnes Wild og Sigrún Harðardóttir semur og útsetur alla tónlist í þáttunum. Smástund eru langvinsælustu þættirnir sem KrakkaRÚV hefur gert og þeir eru annað mest sóttu efnið í spilara RÚV.

Norrænt samstarf í B15

RÚV hefur verið virkur þátttakandi í Nordvision-samstarfi og hefur frá 2022 tekið þátt í samstarfsverkefni B15. RÚV skuldbindur sig til að skila einni þáttaröð inn í samstarfið og fær í staðinn 14 aðrar norrænar þáttaraðir. Í gegnum þetta samstarf hefur KrakkaRÚV fengið mikið efni sem hefur náð geysilegum vinsældum meðal barnanna á Íslandi. Þar má nefna Bursta broddgölt, Fílsa og vélarnar og Ofurhetjuskólann. Fyrsta þáttaröðin sem KrakkaRÚV sendi var Sagan um Randalín og Munda. Hún er í talsetningu hjá hinum stöðvunum og verður sýnd fyrir jólin 2024. B15 er ótrúlega mikilvægt verkefni sem eykur fjölbreytni þess efnis sem sýnt er á KrakkaRÚV.

Barnameningarhátíð

KrakkaRÚV var hluti af Barnameningarhátíð eins og verið hefur. Hátíðin hófst með pomp og prakt í beinni útsendingu á RÚV 2 frá opunarhátíð í Eldborg í Hörpu. Ritstjórn Krakkafrétta stóð fyrir námskeiði fyrir ungt fréttafólk nokkru fyrr og þátttaka þar var töluvert meiri en undanfarin ár. Sprenglærðir fréttamennirnir skiluðu af sér viðtölum við listafólk, skipuleggjendur og gesti, sem voru sýnd í Krakkafréttum og Húllumhæ dagana á eftir, ásamt því að klippifærsla úr hverri frétt var birt á RÚV.is.

Sjá nánar fylgiskjal 1.

UNGRÚV

UngRÚV er þjónusta fyrir ungmenni í efstu bekkjum grunnskóla og framhaldsskólanema. Lögð er áhersla á dagskrárefni fyrir unglinga og eftir unglinga, beinar útsendingar frá viðburðum og vandað efni í framleiðslu RÚV. UngRÚV er samstarfsverkefni skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur og RÚV.

Skrekkur

Skrekkur, hæfileikakeppni grunnskólanna í Reykjavík, var á sínum stað eins og önnur ár. Keppnin hefur haldið áfram að vaxa og framleiðslan í kringum hana hefur þróast og stækkað. Í aðdraganda undankeppnanna heimsótti UngRÚV alla þátttökuskólana og tók upp kynningarinnslög sem voru sýnd í dómarahléinu á undanúrslitakvöldunum og í beinu streymi á vef UngRÚV. Lokakvöldið var í beinni útsendingu á RÚV með 24% uppsafnað áhorf. Fyrir úrslitin voru tekin upp ný kynningarinnslög í stúdíói A með þeim skólum sem komust í úrslit. Öll atriðin úr Skrekk voru birt á vef UngRÚV. Hagaskóli bar sigur úr bítum með atriðið Líttu upp. UngRÚV fékk þau Patrik og Karen til að sjá um samfélagsmiðla UngRÚV, sýna stemninguna baksviðs og taka viðtöl við ungmennin í keppninni.

Upptakturinn

Í Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna, gefst ungu fólki tækifæri til að senda inn tónsmíði og vinna markvisst úr hugmyndum sínum með listnemunum og listafólki. UngRÚV hefur verið partur af Upptaktinum frá upphafi ásamt tónlistarhúsinu Hörpu, Barnamenningarhátíð, Tónlistarborginni Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

UngRÚV sá um upptöku og framleiðslu á kynningarinnslögum þar sem viðtal var tekið við höfunda allra laganna. Tónleikarnir voru sýndir á vef UngRÚV.

VIKA6

Kynfræðsluvikan, Vika6, var tekin með trompi þetta árið og aldrei hefur eins mikið farið fyrir þessari viku og í ár. Gerð voru fimm myndbönd með þekktum einstaklingum sem voru sýnd í sjónvarpinu strax á eftir Krakkafréttum. Einnig var innslag í Kastljósi um hvernig foreldrar eiga að tala við unglingana sína um kynheilbrigði. Gísli Marteinn minntist á herferðina í sínum þætti og fjallað var um Sexuna í fréttunum. Spilari UngRÚV var uppfullur af íslensku og erlendu fræðsluefni ásamt leiknu efni.

Fiðringurinn á Norðurlandi og Skjálftinn á Suðurlandi

Vinsældir Skrekks hafa verið hvetjandi fyrir sveitarfélög í öðrum landshlutum

til að halda hæfileikakeppni ungmenna. Fiðringurinn á Norðurlandi var haldinn í Hofi og þar kepptu skólar á Norðurlandi og í Skjálftanum á Suðurlandi komu skólar á Suðurlandi til leiks. UngRÚV tók upp báða viðburðina og voru atriðin birt í UngRÚV spilaranum.

Skólahreysti

Skólahreysti var haldin í 18. sinn í ár og RÚV hefur lengi verið heimili Skólahreysti. Haldnar voru þrjár undankeppnir, tvær í Reykjavík, í Laugardalshöllinni, og ein á Akureyri. Alls kepptu 60 skólar í undanriðlinum og aðeins 12 komust í úrslit. Á Akureyri sló Ester Katrín Brynjarsdóttir í Þelamerkurskóla Íslandsmetið í hreystigreip með því að hanga í 17 mínútur og 20 sekúndur.

Móðurmál

Þættirnir Móðurmál voru sýndir í sjónvarpinu á fyrri hluta ársins. Þar var fjallað um börn og ungmenni sem eiga annað móðurmál en íslensku og hafa hlotið Íslenskuverðlaun unga fólksins. Dagskrárgerð og umsjón var í höndum Hafsteins Vilhelmssonar. Þættirnir nutu mikilla vinsælda og var sérstaklega mikil ánægja með umfjöllunarefnið innan skólakerfisins. Móðurmál voru sýndir á mánuðögum en föstudaginn fyrir útsendingu var stjörnu hvers þáttar boðið ásamt fjölskyldu sinni og starfsfólki Reykjavíkurborgar á sérstaka frumsýningu á RÚV.

Hvítar lygar

Þáttaröðin Hvítar lygar var sett í spilara RÚV og UngRÚV í maí. Þetta eru sjónvarpsþættir sem voru gerðir í samstarfi við Hitt húsið og Reykjavíkurborg og teknir upp 2022. Fimm ungir leikarar voru fengnir til að skrifa handrit að leikinni þáttaröð fyrir ungt fólk undir handleiðslu Dominique Gyðu Sigrúnardóttur. Þættirnir voru frumsýndir í Bíó Paradís í byrjun maí og í framhaldi af því var sett af stað auglýsingaherferð á Tiktok og “bak við tjöldin”-efni ásamt brotum úr þáttunum var sett í loftið. Efnið náði mikilli útbreiðslu en mestri þó á Tiktok með 92.600 áhorf. Þættirnir voru spilaðir 70.000 sinnum í fyrstu vikunni og hefur verið horft þá um 200.000 sinnum í spilaranum. Hvítar lygar verða framlag RÚV til B15 2024 og fara þá í sýningu annars staðar á Norðurlöndunum.

Danskeppni Samfés, Rímnaflæði, hönnunarkeppnin Stíll og söngkeppni Samfés

UngRÚV hefur verið í góðu samstarfi við SAMFÉS undanfarin ár og hélt það áfram í ár. UngRÚV fjallaði um viðburðina Danskeppni Samfés, Rímnaflæði, hönnunarkeppnina Stíll og söngkeppni Samfés.

Sýnileiki í Kastljósi og Landanum

Aukin áhersla hefur verið á sýnileika ungmenna í línulegri dagskrá. Umfjöllun um ungt fólk hefur verið aukin í Kastljósi, fréttum og Landanum. UngRÚV er í stöðugu samtali við stjórnendur þessara þátta og miðlar hugmyndum til þeirra. Sem dæmi má nefna umfjöllun um ungt fólk, klám og klámfíkn í Kastljósi, viðtal við Klaudiu, unga lögreglukonu á Ísafirði í Landanum og beina innkomu frá Skrekk í fréttatímum í sjónvarpi.

Hvað er í gangi?

Glænýir þættir þar sem Katla Vigdís Vernharðsdóttir og Daníel Óskar Jóhannesson fjalla um málefni og menningu ungs fólks. Tveir þættirnir voru sýndir í október og svo fara þættirnir í fulla framleiðslu 2024. Hvað er í gangi? Verður á dagskrá á besta tíma á föstudagskvöldum og þar verður ungt fólk í forgrunni.

AÐKEYPT EFNI

Aukin áhersla hefur verið lögð á kaup á erlendu efni fyrir ungt fólk. Í gegnum norræna samstarfið B15 hefur RÚV fengið frábæra norræna þætti sem tileinkaðir eru ungu fólki. Þar má nefna Limbo, Neisti, Strula, Otajmat og Rykter.

Sjá nánar fylgiskjal 1.

RÁS 1

NÝR DAGSKRÁRSTJÓRI OG BREYTINGAR Á MANNAUÐI

Á vormánuðum hætti Þröstur Helgason sem dagskrárstjóri Rásar 1 eftir farsælt starf í tæpan áratug. Fanney Birna Jónsdóttir var ráðin dagskrárstjóri. Hún hefur starfað víða í heimi fjölmiðlanna, meðal annars á dagskrárdeild sjónvarps. Þrír nýir dagskrárgerðarmenn gengu til liðs við rásina: Þóra Tómasdóttir kom inn í fréttaskýringaþáttinn Þetta helst, Arnhildur Hálfánardóttir kom frá fréttastofu RÚV í Samfélagið og Melkorka Ólafsdóttir var ráðin í menningarþáttinn Víðsjá en Tómas Ævar Ólafsson leysir hana tímabundið af á meðan hún er í orlofi.

Hlaðvarpsritstjórn

RÚV hélt áfram að efla miðlun hljóðefnis í ólínulegri dagskrá. Bætt var formlega í hóp þeirra sem hafa það sérstaklega á sínum höndum að framleiða efni í

hlaðvarp. Sérstök áhersla var lögð á styttri þáttaraðir og framleiddir um þrjátíu titlar sem rötuðu bæði á Spilara RÚV og hlaðvarpsveitur, auk fjölda annarra sem aðeins var veitt inn á spilara vegna takmarkana utanaðkomandi veitna.

Vinsælustu ólínulegu þáttaraðir ársins voru Árið er, sem fór í fyrsta skipti á hlaðvarpsveitur vegna afmælis Rásar 2; Myrtu þeir Eggert, sem var spiluð yfir 100 þúsund sinnum þrátt fyrir að vera aðeins tveir þættir og Hrífunes sem fékk um 150 þúsund hlustanir. Ýmsir fastir liðir í dagskrá Rásar 1 og 2 bættu áfram við sig hlustun á ólínulegum vettvangi og dagskrárgerðarmenn léku sér með formið. Þar ber helst að nefna Gervigreindar-Lestina, frumraun í íslensku útvarpi þar sem þremur línulegum þáttum Lestarinnar á Rás 1 var skipt upp í sex þætti fyrir streymisveitur og lokahnykkurinn var fyrsti íslenski hljóðvarpsþátturinn framleiddur af gervigreind.

Mikill meirihluti hlustana á hlaðvörp RÚV fer fram í gegnum Spilara RÚV á vef og í appi. Yfirstandandi betrubætur á þessum vettvangi munu gera hlaðvarpsritstjórn og rásunum tveimur kleift að efla þjónustu við hlustendur til muna, jafnt línulega sem ólínulega.

Tónlist

Á árinu 2023 voru á dagskrá Rásar 1 tónlistarþættir þar sem kynnt var tónlist af ýmsu tagi, nýjar tónleikahljóðritanir, bæði innlendar og erlendar og hljóðrit gerð sérstaklega fyrir Ríkisútvarpið.

Beinar útsendingar voru frá flestöllum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árinu, en viðamikil dagskrárgerð fer fram samhliða tónleikunum þar sem hlustendum er veitt innsýn í efnisskrá tónleikanna í sérstökum þáttum.

Jólaglag Ríkisútvarpsins

Frumflutningur á Jólagagi Ríkisútvarpsins, sem Rás 1 pantar á hverju ári hjá íslensku tónskáldi, er löngu orðinn að hefð í jóladagskránni. Jólagagið 2023 var NÁT eftir Báru Gísladóttur, í flutningi kammerkórsins Schola Cantorum og tónskáldsins á kontrabassa undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar. Lagið var flutt í hátíðardagskrá Rásar 1 og RÚV í desember en verkefnið, sem var samstarfsverkefni Rásar 1 og Danska ríkisútvarpsins, var styrkt að hluta af Tónskáldasjóði Ríkisútvarpsins og STEFs.

Samstarf

Samstarf við Samband evrópskra útvarpsstöðva, EBU, er þýðingarmikill þáttur í tónlistardagskrá Rásar 1. Hlustendur hafa notið þessa samstarfs í reglulegum útsendingum og Ríkisútvarpið og íslenskt tónlistarlíf hafa með þessu samstarfi verið virkir þátttakendur í frjóu samfélagi evrópsks tónlistarlífs. Tónleikahljóðritunum frá helstu tónlistarhúsum og tónlistarhátíðum Evrópu var

útvarpað í þáttunum Endurómi úr Evrópu, Óperukvöldum og Tónlistarkvöldum Útvarpsins og Sumartónleikum.

Hljóðritanir

Fjölmarginir tónlistarmenn voru fengnir til að koma í stúdíó 12 í Útvarpshúsinu og hljóðrita dagskrá í tali og tónum. Djasstríó, skipað þeim Daníel Friðriki Böðvarssyni, Hilmari Jenssyni og Matthíasi Hemstock, lék tónlist eftir Theolonius Monk og ræddi um mikilvægi Monks í djassi á alþjóðlegum degi djasstónlistarinnar 30. apríl. Píanistarnir Davíð Þór Jónsson og Eypór Gunnarsson léku spunatónlist á sögufræga flygla Ríkisútvarpsins og ræddu um samstarf sitt og tilurð tónlistarinnar. Tríóið Gadus Morhua, sem skipað er þeim Björk Níelsdóttur, Eyjólf Eyjólfssyni og Steinunni Arnbjörgu Stefánsdóttur, flutti íslensku fjárlögin í eigin útsetningum í þættinum Fjárlög í fínunum fötum sem útvarpað var 17. júní. Tónlistarhópurinn Tríó Mýr frá Akureyri flutti tónlist frá ýmsum heimshornum og ræddi um samsetningu dagskrár með ólíkri tónlist. Saxófónleikarinn Óskar Guðjónsson og brasilíska söngvaskáldið og gítarleikarinn Ife Tolentino fluttu tónlist sem þeir hafa slípað í samstarfi sínu undanfarin 20 ár og ræddu áhrif ólíks uppruna á þá tónlist og venskapinn.

Tónlistarþættir

Tveir nýir tónlistarþættir voru settir á dagskrá á árinu. Í þættinum Straumar fjallar Árni Matthíasson um tónlistarstrauma úr ýmsum áttum og ræðir við skapandi tónlistarfólk og í Tónhjólinu, í umsjón Guðna Tómassonar, er hugað að því sem hæst ber á tónlistarsviðinu hverju sinni í heimi sígildrar tónlistar og djasstónlistar.

Á meðal þátta sem héldu áfram göngu sinni frá fyrri árum má nefna Á tónsviðinu í umsjón Unu Margrétar Jónsdóttur, Á reki með KK þar sem Kristján Kristjánsson leikur tónlist af ýmsu tagi, Óskastund Svanhildar Jakobsdóttur, Flugur Jónatans Garðarssonar og sumarpáttaröðina Hljóðrás ævi minnar þar sem umsjónarfólk segir frá tímabili í ævi sinni og leikur tónlist sem endurspeglar tímann eða atburði sem sagt er frá. Einnig gegna menningarþættir á borð við Víðsjá og Lestina mikilvægu hlutverki við að upplýsa og fræða hlustendur um sögu tónlistar og strauma og stefnur í samtímanum.

Af heimildarþáttum og stökum þáttum um tónlist má nefna þáttaröð Guðna Tómassonar um kanadíska píanistann Glenn Gould; Jónatan Garðarsson ræddi við Magnús Kjartansson heiðursverðlaunahafa Íslensku tónlistarverðlaunanna 2023; frumkvöðulsins Ingólfs Guðbrandssonar var minnst í páskadagskrá og brugðið var upp svipmynd af tónlistarkonunni

Laufeyju Lin. Elísabet Indra Ragnarsdóttir ræddi við Víking Heiðar Ólafsson um Goldberg-tilbrigði Bachs í aðdraganda heildarflutnings á nýrri hljóðritun Víkings á verkinu fyrir Deutsche Grammophone; í tilefni 100 ára fæðingarafmælis Jónasar Árnasonar sá Una Margrét Jónsdóttir um þáttinn Ó skrítna líf og minnst var tónlistarmannanna og tónskáldanna Páls Pampichlers Pálssonar, Burts Bacharach og Ryuichis Sakamoto sem létust á árinu.

Rás 1 stóð fyrir tónleikum í desember í samstarfi við tónlistarhópinn Nordic Affect. Á efnisskrá voru verk eftir Anthony Holborne, Henry Purcell, William Byrd og fleiri auk þjóðlegrar tónlistar frá Íslandi og Hjaltdlandseyjum í bland við rafhljóðverk eftir Höllu Steinunni Stefánsdóttur sem sérstaklega voru gerð fyrir tónleikana með styrk úr Tónskáldasjóði Ríkisútvarpsins og STEFs. Tónleikarnir voru framlag Ríkisútvarpsins til jólatónleikadags EBU og var þeim útvarpað í á þriðja tug ríkisútvarpsstöðva í Evrópu og Kanada.

Nýtt hljóðrit Rásar 1 úr Akureyrarkirkju var frumflutt á aðfangadag. Þar léku Sóley Björk Einarsdóttir trompetleikari, Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir sellóleikari, Emil Þorri Emilsson slagverksleikari, Jón Þorsteinn Reynisson harmónikuleikari og Eypór Ingi Jónsson orgelleikari Akureyrarkirkju, hátíðlega barokktónlist í aðdraganda jóla.

Tónlistarstefna

Á haustmánuðum skipaði útvarpsstjóri starfshóp sem var falið að móta tónlistarstefnu útvarpsins, Rásar 1 og Rásar 2. Þar verða mótaðar tillögur að heildartónlistarstefnu sem og tónlistarstefnu Rásar 1 og Rásar 2. Hópurinn skilar niðurstöðum sínum í upphafi ársins 2024 og verður stefnan gefin út formlega í kjölfar þess.

Útvarpsleikhúsið

Útvarpsleikhúsið hefur heyrt undir hlaðvarpsritstjórn frá árinu 2022 og einbeitir sér fyrst og fremst að hlaðvarpsvænum leiknum þáttaröðum. Þetta er í takt við þróunina í nálægum löndum. Stefnt er á að framleiða árlega tvær til fjórar þáttaraðir á vegum Útvarpsleikhússins á ári.

Tvær þáttaraðir voru frumfluttar árið 2023. Um páska var Sjálfsalinn, eftir leikhópin Kriðpleir, frumfluttur. Sjálfsalinn er framhaldsverk í fjórum hlutum og fjórða verkefni Kriðpleirs á vegum Útvarpsleikhússins. Verkinu var afar vel tekið og það fékk góða hlustun í spilara RÚV og á hlaðvarpsveitum. Sjálfsalinn var tilnefndur til hinna virtu Prix Europa-verðlauna í flokki skáldaðra hljóðvarpsverka.

Síðar á árinu var ráðist í viðamikið verkefni, Víkinga, sem er samvinnuverkefni SR, DR, NRK og RÚV með stuðningi frá Nordvísion-sjóðnum.

Verkið er sænskt í grunninn og segir sögur fjögurra norrænna víkinga í níu þáttum með afar öflugri hljóðmynd. Til stóð að hleypa verkinu af stökkunum í útvarpi og hlaðvarpi í nóvember, sömu helgi og jarðskjálftarnir urðu í Grindavík. Var ákveðið í ljósi aðstæðna að fresta útgáfu til desemberloka og þá fór öll þáttaröðin í hlaðvarp. Einnig framleiddi Útvarpsleikhúsið verkið Angantýr þar sem Sóley Stefánsdóttir tónskáld les samnefnda skáldsögu eftir langalangömmu sína, Elínu Thorarensen, og fjallar einnig um bókina í heimildarþætti. Þetta er tilraun til endurskoðunar á miðlun bókmennta í útvarpi sem er í örum vexti eins og sést á vinsældum hljóðbóka. RÚV þarf að skoða aðkomu sína að slíkri miðlun og var þetta verkefni framlag til þeirrar umræðu.

Kjarasamningsmál

Í sumar féll dómur í félagsdómi í máli sem FÍH höfðaði gegn RÚV vegna deilna um túlkun á kjarasamningi. Málið féll FÍH í vil og upp frá því hefur hljóðritun tónleika á Rás 1 að mestu legið niðri þar sem framkvæmdin, í samræmi við niðurstöðu dómsins, er að mati RÚV ógerleg. Viðræður um endurnýjaðan kjarasamning við FÍH standa yfir og er góður gangur í þeim. Vonir standa til þess að svo fljótt sem auðið er verði hægt að taka upp þráðinn við að miðla skilmerkilega frá lifandi íslensku tónlistarlífi.

Sjá nánar fylgiskjal 1.

RÁS 2

Hlutverk Rásar 2 er miðlun á íslenskri tónlist og markmið stöðvarinnar er að íslensk tónlist sé um helmingur allrar tónlistar. Hlutfallið var enn hærra á árinu en hluta af þeim árangri má rekja til aukningar í útgáfu á íslenskri tónlist. Rúmlega helmingur flytjenda og höfunda plötu vikunnar voru konur. Markvissar aðgerðir hafa aukið hlustun verulega í hópi fólks á aldrinum 18-29 sem leggur grunn að framtíðarhlustendum stöðvarinnar.

Rás 2 40 ára

„Góðan daginn, gott fólk. Þá er Rás 2 komin í gang eftir skemmtilega meðgöngu undanfarna mánuði. Eins og annað ungvíði ætlar Rásin að láta heyra duglega í sér strax frá byrjun og núna þennan fyrsta morgun verður tónlist allsráðandi á dagskrá Rásar 2.“ Með þessum orðum hófst nýr kafli í fjölmiðlasögu þjóðarinnar fimmtudaginn 1. desember 1983 þegar útsending Rásar 2 hófst.

Fjörutíu ára afmæli Rásarinnar var fagnað með ýmsum hætti árið 2023, fyrst og fremst með góðu samtali við þjóðina, og tækifærið var nýtt til hins

Ítrasta til þess að horfa í baksýnisspegilinn og líta yfir farinn veg. Fyrirverandi starfsfólk og fornfrægar raddir voru dregnar að hljóðnemanum að nýju og sumar hverjar rötuðu í dagskrárgerð með sumrinu. Undir yfirskriftinni Raddir Rásar 2 fengu hlustendur að endurnýja kynni sínum við margar af þekktustu röddunum í þessari fjörutíu ára sögu.

Íslensk tónlist í öndvegi

Eitt helsta aðalsmerki Rásar 2 er að vera *fyrst og fremst í íslenskri tónlist*. Því lagði starfsfólk Rásarinnar upp í það ferðalag að finna með hlustendum öll uppáhaldslög þjóðarinnar frá upphafsárum stöðvarinnar. Með dyggri aðstoð reyndasta starfsfólks RÚV voru helstu og mest spiluðu lög hvers áratugar fundin og rötuðu þau í kosningu hlustenda. Uppáhaldslögin úr áttunni, níunni, núllinu og ásnum af Rás 2 voru í forgrunni frá sumri inn í haustið og með mikilli þátttöku þjóðarinnar sátu eftir vinsælustu lög áratuganna. Það voru lögin Fjöllin hafa vakað með Egó, Vegbúinn með KK, Murr Murr með Mugison og París norðursins með Prins Póló og þau hlutu viðurkenningar frá Rás 2 í lok ársins.

Íslensk tónlist

Rás 2 er leiðandi í íslenskri tónlist og færði hlustendum sem fyrr íslenska tónlist í beinni útsendingu. Úrslitakvöld Músíktílauna, Aldrei fór ég suður, Bræðslan og Iceland Airwaves voru í beinni útsendingu á Rás 2. Í Stúdíó RÚV flytja íslenskir listamenn nýja íslenska tónlist úr aðalmyndveru. Efnið er á línulegri dagskrá Rásar 2 og er einnig sent út sem stök myndbönd á samfélagsmiðlum og í samnefndum sjónvarpsþætti. Tónaflóð, stórtónleikar Rásar 2 á Arnarhóli voru á dagskrá á Menningarnótt í sérstökum afmælisbúningi. Að þessu sinni komu fram Floni, Diljá, Una Torfa, Aron Can, HAM, Klara Elias, og loks Ragga Gísla með gestum á borð við Valdimar, GDRN og Mugison.

Uppáhaldslög áratuganna

Íslensku tónlistarfólki var þökkuð samfylgdin undanfarin 40 ár á afmælisári Rásar 2. Uppáhaldslögin frá hverjum áratug í starfi Rásar 2 voru í brennidepli á árinu með um hundrað viðtölum og færslum í sjónvarpi og á RÚV.is. Lögin voru hryggjarstykkið í þáttaröðinni Fyrst og fremst, sem var sýnd í sjónvarpinu á haustmánuðum en upptakturinn að veisluhöldunum var spurningaþáttaröðin Með á nótnum sem var á dagskrá sjónvarpsins fyrri hluta sumars. Í hverjum þætti kepptu tvö þriggja manna lið í léttum spurningaleik um áratugina fjóra, sem voru kallaðir áttan, nían, núllið og ásinn og eru níundi og tíundi áratugur 20. aldar og fyrsti og annar áratugur 21. aldar. Þættirnir Með á nótnum nutu mikilla vinsælda og gáfu þeir tóninn fyrir það sem koma skyldi.

1. desember 2023

Fyrsta dag desembermánaðar 2023 mætti dagskrárgerðarfólk og annað starfsfólk Rásar 2 sérstaklega þrjú til vinnu á 40 ára afmæli Rásarinnar. Góðkunningjar undanfarinna áratuga komu við í Efstaleiti, þar á meðal Sniglabandið sem spilaði óskalög hlustenda. Þá var hulunni svipt af fjórum uppáhaldslögum þjóðarinnar. Því var fagnað með gömlum og nýjum röddum, núverandi og fyrrverandi starfsfólki sem hefur glætt áratugi lífnu og borið endalaust gagn og gaman á borð hlustenda frá fyrsta degi.

Rás 2 verður eflaust áfram í öndvegi sem lifandi útvarp, grípur tíðarandann í hvívetna, hefur í heiðri íslenska tónlistarmenningu sem er sífellt í blóma og hlustar á samtón þjóðarinnar um landið og miðin næstu fjörutíu ár.

Mikil hlustun

Hlustun á Rás 2 er mikil og hefur verið síðustu þrjú ár. Meira var hlustað á Rás 2 en nokkra aðra útvarpsstöð á landinu á árinu auk þess sem hlustendum undir þrítugu fjölgaði mikið. Áframhaldandi áhersla er á að auka hlut kvenna í dagskránni, bæði í hópi þáttastjórnenda og flytjenda. Í dægurmálapáttum eru konur í meirihluta í hópi þáttastjórnenda og hugað er að því í uppsetningu allrar annarrar dagskrár að hlutfallið sé sem jafnast. Fréttahlustun var í hæstu hæðum og þar fyrir utan var mikil hlustun á aðra dagskrá.

Sjá nánar fylgiskjal 1.

RÚV.IS

Nýtt RÚV.is hélt áfram að vaxa á árinu 2023. Frá því að vefurinn fór í loftið í lok árs 2022 hefur þróun hans haldið áfram og stór skref verið tekin í að bæta vef sem þegar hefur verið stórbættur. Stórviðburðir lituðu árið á RÚV.is, bæði hvað varðar framboð á efni og heimsóknir notenda. Jarðhræringar og eldsumbrot á Reykjanesskaga standa upp úr.

Þegar litið er á heimsóknatölur alls ársins blasa við þrjú turnar. Einn þessara hápunkta var í byrjun júlí þegar eldgos hófst við Litla-Hrút. Sá næsti og jafnframt stærsti var 10. nóvember og dagana á eftir þegar jarðskjálftahrinan undir Grindavík færðist verulega í aukana. Þriðji varð 18. desember, þegar eldgos hófst norðan Grindavíkur.

Á þessum dögum fjórfaldaðist fjöldi heimsókna á RÚV.is miðað við meðalfjölda heimsókna á dag yfir allt árið. Þá nærri fjórfaldaðist fjöldi daglegra notenda miðað við meðalfjölda daglegra notenda yfir allt árið.

Þessi tölfræði segir okkur að fréttastofa RÚV og RÚV í heild er enn

mikilvægur liður í upplýsingagjöf til almennings, sérstaklega þegar mikið liggur við og almannahagsmunir eru í húfi.

Á nýjum vef gefst fréttamönnum RÚV tækifæri til þess að flytja fréttir af atburðum í rauntíma með því sem við köllum fréttavakt (e. liveblog). Þetta verkfæri hefur reynst okkur gríðarlega vel til þess að koma nýjustu vendingum hratt og örugglega til notenda. Fréttavaktir eru nú hluti af fyrsta viðbragði fréttastofunnar þegar mikið liggur við og óvæntir atburðir henda. Árið 2023 héldum við úti 143 fréttavöktum á vefnum þar sem fréttum var streymt til notenda.

Þegar á heildina er litið eru fréttavaktir aðeins lítil – en mikilvægur – hluti af þjónustunni á vefnum. Á árinu birtum við meira en 21.000 fréttir af innlendum og erlendum vettvangi, af menningu og dægurmálum og af íþróttum.

Mestur þungi fer í framleiðslu innlendra fréttanna sem eru ríflega 38% af öllum fréttum sem við segjum á vefnum. 23% fréttanna eru af erlendum vettvangi. Ríflega 14% eru íþróttaréttir og nærri 10% fjalla um menningu og dægurmál.

SAMFÉLAGSMIÐLAR (2023)

RÚV hélt áfram að vaxa á samfélagsmiðlum árið 2023. Fréttastofan náði til yngri hóps á TikTok og menningar- og dæguferni fékk betri dreifingu á Instagram. Fylgjendum á öllum miðlum heldur áfram að fjölga.

- 91 þúsund manns fylgja TikTok-aðgangi fréttastofu RÚV. Fréttastofan hóf fréttaflokkning á TikTok árið 2022 og hefur náð gríðarlegri útbreiðslu, hér heima og erlendis. TikTok er sá samfélagsmiðill sem nær hvað best til yngsta hópsins og fréttastofan hefur meðal annars nýtt sér gagnvirkni miðilsins til að svara spurningum og vangaveltum notenda um málefni líðandi stundar.
- 65 þúsund manns fylgja RÚV á Facebook. Fylgjendum hefur fjölgað mikið undanfarin ár og voru þeir um 25 þúsund árið 2019, þegar RÚV hóf að gera breytingar á miðlun efnis á samfélagsmiðlum.
- 1,6 milljón smellir voru á árinu. Dægurmálum og menningu af vef RÚV er dreift á Facebook-síðu RÚV með góðum árangri. Árið 2023 voru smellirnir á þetta efni á Facebook 1,6 milljón og jukust um rúmlega 30 prósent á milli ára.
- 7,2 milljón áhorfa voru á efni á Facebook á árinu. Áhorf þar eykst um tæplega 11 prósent milli ára.
- 255 prósent vöxtur var á útbreiðslu efnis á Instagram-síðu RÚV milli ára. RÚV hóf að leggja enn meiri áherslu á Instagram á árinu 2023 með því að birta þar stutt brot úr sjónvarpsefni. Það varð til þess að notkun á Instagram jókst mikið, útbreiðsla á efni RÚV meira en tvöfaldaðist og fylgjendum og heimsóknum fjölgaði mikið.

Stafræn þróun og spilari

Á árinu voru grunnöggn dagskrárefnis færð í nýtt kerfi sem hlaut nafnið Lísa. Lísa heldur utan um öll lýsigögn dagskrárefnis og var smíðað af hugbúnaðarþróun RÚV. Með nýju kerfi var rekstrarumhverfi einfaldað og gert öruggara. Ferlar voru auk þess einfaldaðir og straumlínulagaðir. Þetta grunnkerfi leysir framtíðarþarfir RÚV og auðveldar frekari þróun spilarans á vef og í öppum til bættrar notendaupplifunar. Á sama tíma var eldra kerfi aflagt. Þá var vefspilariinn færður í skýið til að auka sveigjanleika og rekstraröryggi hans til framtíðar.

Nýtt smáforrit fyrir Android-sjónvarp leit dagsins ljós ásamt því að Apple TV-app var uppfært og betrubætt. Aðgengi að útvarpsefni var bætt við í uppfærslunni. Notendum var gert kleift að bæta við efni í „mínir þættir“ og beint streymi allra miðla RÚV var gert aðgengilegt (RÚV, RÚV 2, Rás 1, Rás 2 og Rondo).

Unnið var að innskráningu fyrir spilara til að gera Íslendingum stöddum erlendis kleift að spila efni sem aðeins hefur verið aðgengilegt innan landamæra Íslands. Innskráningin verður tekin í notkun á fyrri hluta ársins 2024.

Nýir ferlar voru útfærðir á Mitt RÚV. Nú er hægt að senda inn gögn með tólf ólíkum ferlum. Nýir ferlar á árinu eru fyrir innsendingar vegna hugmyndadaga RÚV, innsendingar til KrakkaRÚV fyrir hugmyndir ungs fólks að efni, þætti og keppnir tengdar RÚV og ferill fyrir innsendingu og móttöku lýsigagna og STEF- og myndSTEF-upplýsinga fyrir aðkeypt innlent dagskrárefni.

Áhorf í Spilara RÚV

Áhorf á dagskrárefni sjónvarps í spilara RÚV á vefnum í öppum og í þjónustum símafélaganna hefur aukist mikið síðustu ár. Þar er að finna mikið og fjölbreytt efni til fræðslu, innblásturs og skemmtunar. Íslenskt efni er vinsælast auk leikinna erlendra þáttaraða og heimildaefnis. Lögð var áhersla á úrval íslensks efnis, heimildamyndir og kvikmyndir en vandaðar erlendar leiknar þáttaraðir, heimilda- og fræðsluþættir og áhugaverðar kvikmyndir voru á sínum stað.

Um páskana var boðið upp á fjölda leikinna þáttaraða í hámhörfi og lögð áhersla á íslenskrar heimildamyndir, fjölbreytt efni fyrir fjölskyldur og grín. Um jólin var hægt að horfa á 25 leiknar þáttaraðir í jólahámi auk ríkulegs úrvals af gæðaeefni fyrir fjölskyldur og fjölda bíómynda og heimildamynda. 'Íslenskar kvikmyndir voru áberandi og jólalegt efni úr safni. Auk þáttanna um Randalín og Munda voru fjögur jóladagatöl í spilara RÚV.

Fjölbreytt þemu voru dregin fram í spilara RÚV þar sem sjónvarpsefni úr dagskrá og safni var tekið saman, til dæmis heilsa, heimildamyndasumar, loftslagsmál, kynheilbrigði, evrópskir kvikmyndadagar, barnæska, ungdómur og uppeldi, hinsegin dagar, 10 ára afmæli KÍTON, hönnun, kvenréttindadagurinn, þunglyndi, HM í Fischer-slembiskák, vetrarólympíuleikar, sveitastjórnarkosningar, EM kvenna í fótbolta og Eurovision.

1. Fjöldi heimsóknna á vef ruv.is 2023: 73.420.795 mældar heimsóknir samkvæmt Google Analytics.*
2. Samtímaútsending fyrir vef og snjalltæki – hlutfall af útsendri dagskrá: 100%
3. Framboð af áður útsendu efni á vef – fjöldi upptaka: Útvarp: 13.823, Sjónvarp: 10.2076 (24.099)
4. Framboð af frumgerðu efni á vef – færslur: 21.310.

*Ef fólk hafnar því að vafrakökur séu skráðar á vef RÚV eru heimsóknir ekki mældar.

Tölur frá miðlum :

- 91.000 fylgja fréttastofu á tiktok
- 7.200.000 áhorf á efni á facebook rúv
- 21.000 fréttir birtar á ruv.is
- 143 fréttavaktir á ruv.is

FRÉTTIR

Fréttastofa RÚV starfar allan sólarhringinn, allan ársins hring. Fréttastofan er með starfsstöðvar í Efstaleiti í Reykjavík, á Akureyri, Egilsstöðum, í Borgarnesi og Brussel í Belgíu. Undir fréttastofuna heyra fréttatímar útvarps og sjónvarps, fréttaskýringabættirnir Kveikur, Spegillinn og Heimskviður og fréttahlaðvarpið 7 mínútur með fréttastofu RÚV, umræðuþátturinn Silfrið og fréttapjónusta RÚV á netinu og samfélagsmiðlum. Þá heyra RÚV English og RÚV Polski undir fréttastofuna sem og veðurfréttapjónusta RÚV. Önnur stór verkefni fréttastofunnar eru til að mynda fréttáannálar í útvarpi og sjónvarpi, útsending frá stefnuræðu forsætisráðherra og umræðum um hana, útsending frá eldhúsdagsumræðum á Alþingi og umfjöllun í aðdraganda kosninga.

Stórt fréttarár

Árið 2023 fer í sögubækurnar vegna náttúruhamfara sem dundu yfir Reykjanesskaga. Eldgos hófst við Litla-Hrút 10. júlí og olli bæði gasmengun

og gróðureldum. Gosvirkni lauk 5. ágúst. Miklar jarðhræringar urðu svo 10. nóvember í grennd við Grindavík. Bærinn var rýmdur og þar með voru nærri fjögur þúsund íbúar á vergangi. Svo miklar skemmdir urðu á bænum að íbúum var ekki leyft að flytja þangað aftur fyrir áramót. Eldgos hófst 18. desember við Sundhnúkgíga nærri Grindavík. Gosið varði stutt, aðeins í þrjá sólarhringa. Þessar jarðhræringar settu mikinn svip á fréttamálið. Að auki var mikið fjallað um aðrar náttúruhamfarir eins og snjóflóð sem féll á Neskaupstað í mars.

Af erlendum vettvangi má helst nefna hryðjuverkaárás Hamas á Ísrael í byrjun október og hefndaraðgerðir Ísraels. Áfram var fjallað um stríðsátök í Úkraínu en á árinu var eitt ár liðið frá því að Rússar réðust af fullu afli inn í landið.

Fréttaflokkur að utan

Fréttastofan var á faraldsfæti á árinu. Fréttamenn sinntu störfum sínum hérlendis sem erlendis, meðal annars í Úkraínu, Póllandi, Litáen, Noregi og Finnlandi. Jón Björgvinsson, fréttaritari RÚV, sendi talsvert efni frá Úkraínu og frá Marokkó og Tyrklandi þar sem miklar náttúruhamfarir urðu í stórum jarðskjálftum.

Í byrjun mars kom fréttastofan á nýrri stöðu fréttaritara RÚV í Brussel. Björn Malmquist, þalreyndur fréttamaður, tók við henni og flytur fréttir frá Brussel og nærsveitum með áherslu á þau málefni sem eru í deiglu hjá Evrópusambandinu og NATO og áhrif þeirra á Ísland og íslenska hagsmuni. Með því að hafa fréttamann í Brussel er ætlunin að vakta betur mál sem hafa áhrif á íslenska hagsmuni. Sem dæmi má nefna fréttir af boðuðum reglum um losunarheimildir í flugrekstri og fréttir af breyttum veruleika í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

Traust og aukið áhorf

Traust er öllum fjölmiðlum nauðsynlegt en það er hvorki sjálfgefið né sjálfsagt og fréttastofan er þakklát fyrir það aukna traust sem almenningur ber til hennar. Samkvæmt könnun sem var gerð í desember 2023 sögðust 73,5% aðspurðra bera mikið traust til fréttastofunnar. Því þarf að viðhalda með faglegum og góðum vinnubrögðum alla daga ársins. Það er umtalsvert meira traust en mældist í sömu könnun í garð annarra fjölmiðla hér á landi.

Þegar á reynir leitar þjóðin til fréttastofu RÚV og það sést glöggt á niðurstöðum áhorfs- og hlustunarmælinga. Meðaláhorf á sjónvarpsfréttir klukkan 19 var um 24,3% árið 2023 samanborið við 24% árið 2022. Mest áhorf var á sjónvarpsfréttatíma sem tengdust jarðhræringum við Grindavík í nóvember. Meðaláhorf á fréttir klukkan 22 var um 14,1%. Meðalhlustun á

hádegisfréttir RÚV var 9,2%, um 70 þúsund hlusta á hádegisfréttir í hverri viku. 52 þúsund hlusta á Spegilinn í hverri viku, meðalhlustun var 5,3%. Meðaláhorf á Kveik var 18%.

Kastljós

Í byrjun árs var Kastljós endurskipulagt með sameiningu við Menninguna. Við það varð til lengri þáttur, stærri ritstjórn og efnistökin urðu fjölbreyttari. Þátturinn er samvinnuverkefni fréttastofu og dagskrárdeildar sjónvarps en fréttastofan á einn fulltrúa í ritstjórninni.

Kveikur

Fréttaskýringaþátturinn Kveikur leitaði víða fanga á árinu. Sagðar voru sögur af afleiðingum þess fyrir konur að fá sílikonbrjóstapúða, af úrgangsmálum og urðun hér á landi, umfangi búðahnuþls, starfsemi flugvélar Landhelgisgæslunnar erlendis og Kveikur fletti hulunni af því sem gerðist í hoppukastalalysinu á Akureyri. Fréttamenn Kveiks fóru til Úkraínu þegar ár var liðið frá innrás Rússa. Þá var fjallað um stöðu rafbílavæðingar, fjölda eftirlitsmyndavéla í sveitarfélögum landsins og lýðræðispáttöku innflytjenda. Kveikur fjallaði um hamfarirnar í Grindavík, slysasleppingar úr laxeldi í Patreksfirði og um fíkniefnaheiminn og lyfið oxycontin.

Efnisval Kveiks er fjölbreytt en markmiðið er ávallt að fá dýpri og ítarlegri umfjöllun en unnt er að veita í daglegum fréttum. Fréttaskýringar Kveiks eru alla jafna nokkrar vikur eða mánuði í vinnslu og vekja verðskuldaða athygli. Nauðsynleg samfélagsleg umræða fer iðulega af stað í kjölfar þeirra.

Nýjungar á fréttastofunni

Fréttastofan hélt áfram að þróa fréttaflutning á samfélagsmiðlum sem hófst haustið 2022. Sú þjónusta mæltist mjög vel fyrir hjá yngstu aldurshópum fréttaneytenda og í skólasamfélaginu. Þegar náttúruhamfarir riðu yfir Grindavík var gerð tilraun til að senda út fréttir á ensku og pólsku á Tiktok fréttastofunnar. Þær fengu mjög mikla dreifingu og voru notaðar til að leiðrétta rangan eða ónákvæman fréttaflutning og upplýsingaóreiðu sem varð vart á samfélagsmiðlum.

Í byrjun mars tók Björn Malmquist til starfa sem fréttaritari RÚV í Brussel í Belgíu. Ætlunin er að efla fréttaflutning frá útlöndum, sérstaklega af þeim stofnunum sem varða Ísland mestu, þar sem ákvarðanir eru teknar sem hafa áhrif á líf almennings og starfsemi fyrirtækja á Íslandi. Auk þess er ætlunin að fylgjast náið með þróun öryggis- og varnarmála í breyttri heimsmynd eftir að Rússar hófu innrásarstríð sitt í Úkraínu.

Í byrjun ársins tók til starfa nýr umsjónarmaður RÚV English,

fréttapjónustu RÚV á ensku, Darren Adam, þrautreyndur útvarpsmaður frá Bretlandi. Hans hlutverk var ekki einungis að sinna fréttapjónustu á ensku heldur einnig að þróa áfram þá þjónustu sem RÚV veitir enskumælandi samfélaginu. Hluti af því hefur verið hlaðvarpið RÚV English Radio.

Í byrjun ársins var ráðið í starf fréttamanns á Suðurlandi. Sú staða var ekki til og rennt blint í sjóinn. Tilraunin gekk vel en fréttamaðurinn fór til annarra verkefna innan RÚV með haustinu. Sökum hagræðingar undir lok ársins 2023 var ekki ráðið aftur í stöðuna.

Ráðið var í stöðu fréttamanns á Vesturlandi og Vestfjörðum vorið 2023. Sú staða hafði verið ómönnuð í eitt ár. Undir lok ársins voru því starfandi þrír fréttamenn á Akureyri ásamt tæknimanni, einn á Vesturlandi og einn á Austurlandi.

Haustið 2023 hóf fréttastofan útgáfu á fréttahlaðvarpinu 7 mínútur með fréttastofu RÚV. Hugmyndin er að gefa út stutt hlaðvarp með helstu fréttum dagsins sem hægt er að hlusta á snemma morguns. Umsjónarmaður ræðir gjarnan við fréttamenn sem geta sett málin í samhengi og gefið meiri bakgrunnsupplýsingar en koma fram í fréttum.

Heimskviður

Heimskviður er eini fréttaskýringabáttur landsins sem setur erlend málefni í brennidepil. Bátturinn er vikulega á dagskrá Rásar 1 og jafnframt vinsæll á hlaðvarpsveitum. Á árinu rýndu þáttarstjórnendur í átökin á Gaza og stöðuna í löndum þar sem íslenskir fjölmiðlar leita sjaldan fanga, til að mynda í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku.

Spegillinn

Fréttaskýringabátturinn Spegillinn er rótgróinn og mikilvægur liður í fréttapjónustu RÚV. Daglega geta hlustendur Rásar 1 og 2 leitað þangað eftir djúpri og umfangsmikilli umræðu um öll helstu samfélagsmál. Ofarlega á baugi á árinu voru náttúruhamfarir, kjaramál, umhverfis- og loftslagsmál og erlend málefni. Spegillinn nýtur liðsinnis pistlahöfunda í nágrennalöndunum sem fjalla um helstu mál í sínum löndum.

Verðlaun og viðurkenningar

Kveikur hlaut Edduverðlaun sem besti fréttá- eða viðtalsþáttur ársins á undan. Fréttastofa RÚV hlaut fjórar tilnefningar til blaðamannaverðlauna ársins 2022, Sólveig Klara Ragnarsdóttir fyrir viðtal við kynsegin ungmenni, Ingólfur Bjarni Sigfússon og Arnar Þórisson fyrir umfjöllun um flóttafólk frá Síralandi sem settist að hér á landi, Tryggvi Aðalbjörnsson og Árni Þór Theódórsson fyrir rannsókn á öryggismálum ferjunnar Baldurs og loks Bogi Ágústsson fyrir umfjöllun af erlendum vettvangi.



2. ÖNNUR ATRIÐI

Vegna sérstakra markmiða í samningi er hér að neðan gerð grein fyrir neðangreindum atriðum í árlegri greinargerð til fjölmiðlanefndar.

1. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum (2.1.).

- Tekjur vegna innheimts útvarpsgjalds sem kom í hlut RÚV á árinu 2023 námu 5.710 mkr. Af þeirri fjárhæð var meira en 12% varið til kaupa á efni frá sjálfstæðum framleiðendum.
- Kaup og meðframleiðsla á dagskrárefni fyrir sjónvarp af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. lið 2.1. kr. 801.493.930 kr.
- Talsetning: 18,4 m. kr.
- Útvarpsþáttagerð: 24.481.420 kr.
- Greiðslur Ríkisútvarpsins til sjálfstæðra framleiðenda og framleiðslu-fyrirtækja voru að fjárhæð 825.975.350 kr. fyrir árið 2023.

2. Framlag til íslensks efnis í sjónvarpi (gr. 2.1.).

- a. Framlag Ríkisútvarpsins til innlands leikins sjónvarpsefnis var 366.081.369 kr.
- b. Hlutfall af framlagi Ríkisútvarpsins til leikins efnis sem rennur til sjálfstæðra framleiðenda var 100%.

3. Börn og unglingar (gr. 2.2).

Hlutfall barna- og unglingaefnis sem hlutfall af heildardagskráramboði í sjónvarpi var 11,2%.

Efni fyrir börn og ungmenni (óháð annarri flokkun)	2021	2022	2023
644	644	629	639
3	3	11	14
647	647	640	653

Umfang fréttatengds efnis fyrir börn.

Krakkafréttir héldu áfram göngu sinni árið 2023 og voru á dagskrá fjóra daga vikunnar, frá mánudegi til fimmtudags og miðlað áfram á vef RÚV og í spilurum, sem heill þáttur og sértækar fréttafærslur og innslög.

Umfang efnis sem efla skal læsi.

Áhersla á eflingu læsis og miklvægis íslenskrar tungu gætti víða í dagskrá RÚV, bæði í dagskrárefni ætlað börnum og ungmönnum og almennt dagskrá á kjörtíma. Þar ber einkum að nefna Söguverkefnið þar sem skorað er á börn að senda inn smásögu, lag og texta, stuttmyndahandrit eða leikrit.

Í Krakkakiljunni eru börn í hlutverki dagskrárgerðarfólks og sérstakur fókus er á barnabókmenntir og barnabókahöfunda og í Stundinni okkar eru læsi og bókmenntir voru reglulega til umfjöllunar. Í almennri dagskrá má svo nefna Kiljuna, vikulegan þátt sérstaklega helgaður bókmenntum og sögu, og Kappsmál, skemmtiþátt helgaður íslensku máli.

Umfang fræðsluheimsókna fyrir grunnskólabörn.

- Fjöldi heimsóknabeidna berast RÚV ár hvert. Um er að ræða heimsóknarbeiðnir frá kennurum allra skólastiga frá 12 ára aldri, vísindaferðir háskólanema og sérsniðnar heimsóknir, t.d. frá þjónustumiðstöðvum, unglingasmiðjum o.fl. Veruleg fjölgun var á fjölda heimsóknargesta frá fyrra ári, en gestir ársins 2023 voru u.þ.b. 670 manns.
- Til viðbótar við þá móttöku sem nefnd hefur verið, tekur KrakkaRÚV á móti fjölmörgum gestum í tengslum við sína starfsemi og fjöldi gesta sem tekur þátt í útsendingum RÚV í Útvarpshúsinu og út um allt land.
- Gestir Hugmyndadaga RÚV að vori og hausti voru um 50 talsins, en á Hugmyndadögum gefst almenningi kostur á að kynna fyrir dagskrárstjórum hugmyndir að efni til dagskrárgerðar í öllum miðlum RÚV.

Aðgerðir til að virkja raddir og sjónarmið barna í mótun efnis og miðlunar.

- Börn og unglingar voru sem fyrr í aðalhlutverki dagskrárgerðar ætluð börnum og ungmennum, framleidd af KrakkaRÚV og UngRÚV. Til viðbótar við fasta þætti þar sem sjónarmið og raddir barna hafa fengið að njóta sín, t.d. Stundina okkar, Krakkafréttir, Krakkakiljuna, má nefna Húllumhæ, vikulegan þátt sem áhersla er lögð á barnamenningu og viðburði sem ætlaðir eru eða búnir til af börnum og ungmennum.

Með hvaða hætti þjónusta við börn og ungmenni þróast á tímabilinu.

- Sjá nánar umfjöllun að ofan um KrakkaRÚV og UngRÚV í kafla 1.

4. Varðveisla og miðlun á eldra efni (gr. 2.3).

Magn safnaefnis Ríkisútvarpsins sem fært er á stafrænt form.

- Segulbönd með dagskrárefni útvarps: 2112 talsins.
- Geisladiskar með dagskrárefni útvarps: 1171 talsins.
- Myndbönd með dagskrárefni sjónvarps: 1376 talsins.

Aðgerðir til að gera safnaefni aðgengilegt almenningi.

- Hægt er að panta hljóð- og myndefni hjá RÚV safni til einkanota eða opinberrar birtingar. Safnið er opið virka daga kl. 13-16 og mögulegt er að skoða gagnagrunninn og fletta spjaldskrá. Á árinu bókuðu 200 gestir heimsókn í safn RÚV til að skoða efni í gagnagrunninum. Pantanir á efni úr safninu var færðar inn á Mitt.RUV.is sem gerir afgreiðslu skilvirkari.

Safn Ríkisútvarpsins varðveitir sjónvarps- og útvarpsefnis frá upphafi útsendinga árið 1930. Umfang þessa safnaefnis er mikið og er unnið er að

Því jafnt og þétt að skrá það og yfirfæra á stafrænt form. Efni úr safni hefur í auknum mæli verið dagskrársett í línulegri dagdagskrá sjónvarps og í spilara og aðgengi þannig aukið að eldri upptökum í útvarpi og sjónvarpi. Að auki er efni úr safni RÚV notað í ýmis önnur verkefni sjálfstæðra framleiðenda um allan heim. Á árinu voru gerð 272 viðskipti með efni úr safni RÚV við einstaklinga og fyrirtæki.

Ráðist var í að skrá allt filmusafn RÚV í nýjan gagnagrunn Kvikmyndasafnsins. Einnig voru filmurnar settar í nýjar umbúðir sem tryggja betur langtímavarðveislu efnisins. Samningur frá árinu 2021 um skönnun á filmum úr safni RÚV er enn í gildi og voru eldri filmur skannaðar inn í bestu gæðum. Að auki var gerður samningur um stafræna yfirfærslu á rauntímadagskrá sjónvarpsins árin 2005-2015 við Myndbandavinnsluna en upptökurnar voru á DVD diskum. Áfram er stafræn yfirfærsla á öðru myndefni unnin jafnt og þétt hjá RÚV.

Öll leikritahandrit sem varðveitt eru í safninu voru skráð og gengið frá þeim af starfsmanni Leikminjasafns Íslands.

Styrkur fékkst í gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) til þess að yfirfæra segulbönd úr safni RÚV á stafrænt form hjá belgíska fyrirtækinu Memnon. Alls 12000 segulböndum var pakkað í sérstaka kassa og þau flutt í raka- og hitastýrðum gámi til Brussel þar sem yfirfærslan fer fram. Hljóðskrárnar berast stafrænt með öruggum gagnaflutningi og er hljóðið fært í gagnagrunn RÚV safns jafnóðum. Fyrstu hljóðskrárnar bárust frá Belgíu í lok ársins en segulböndin sjálf verða send aftur til landsins um mitt ár 2024.

Fólk í samfélagsþjónustu var vann í verkefni við skönnun og yfirfærslu á fréttatímum af geisladiskum.

Innslög með völdum brotum úr safninu voru hálfsmánaðarlega á dagskrá í Samfélaginu á Rás 1 og efni úr safni RÚV birtist reglulega á TikTok á vegum fréttastofu

5. Stefnumótun (gr. 5).

Upplýsingar um aðkomu almennings að stefnumótun Ríkisútvarpsins RÚV kannar reglulega áhorf og hlustun, framkvæmir árlega viðhorfskönnun, traustsmælingu tvisvar á ári og er í stöðugu sambandi við áhorfendur og hlustendur í gegnum ábendingagáttir á vef og samfélagsmiðlum. Þessi gögn eru svo greind af stýrihópi og stjórnendum með sérstaka hliðsjón af stefnunni sem kynnt var á árinu.

- **Stefna Ríkisútvarpsins**

Fimm stefnuáherslur liggja til grundvallar stærri og smærri aðgerðum til

ársloka 2026. Rík áhersla er lög á stafrænt RÚV enda þróast stafræn tækni hratt. RÚV tekur virkan þátt í þessum breytingum í þágu notenda sinna. Mikilvæg stefnuáhersla er einnig á fréttir og þjóðfélagsrýni þar sem RÚV starfar í þágu fólksins í landinu og gegnir mikilvægu öryggis og lýðræðishlutverki. Áhersla á menningu og miðlun er áfram í forgrunni. RÚV tekur virkan þátt í íslensku menningarlífi með því að skapa, miðla og fjalla um öll svið menningar og lista. RÚV endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins í dagskrá og allri starfsemi. Jafnrétti kynja er hornsteinn í ytra og innra starfi og gætt er að jafnræði fjölbreyttra hópa og einstaklinga. Aðgengi allra að þjónustu RÚV er mikilvægt, sem og sýnileiki ólíkra hópa. Loks er undirstrikað í stefnunni að RÚV gegnir mikilvægu hlutverki í að byggja upp sjálfbært samfélag í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

- **Dagskrárstefna miðla Ríkisútvarpsins.**

Dagskrárstefna Ríkisútvarpsins endurspeglast í stefnu þess, sem samþykkt var og kynnt árið 2022.

6. Starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins (gr. 6).

- **Fjöldi stöðugilda 2023 á landsbyggðinni: 11,7**

Fréttastofa svæðis	7
Hugbúnaðar	1
Rás 1	0,47
Rás 2	0,53
Dagskrá sjónv	1,7
Auglýsingar	1
Samtals	11,7

7. Jafnréttismál (gr. 9).

Hjá RÚV starfar fjölbreyttur hópur fólks með víðtæka reynslu og þekkingu. Á árinu 2023 störfuðu að meðaltali 293 starfsmenn í 272,7 stöðugildum hjá RÚV og RÚV Sölu. Starfsstöðvar eru í Reykjavík, Borgarnesi, Akureyri og á Egilstöðum. Kynjahlutfall hjá RÚV skiptist þannig að 46% starfsfólks eru konur og 54% karlar. Kynjahlutföll stjórnenda eru 39% konur og 61% karlar. Kynjahlutföll nýráðninga á árinu 2023 voru 39% konur og 61% karlar. Mikill áhugi er jafnan á starfi hjá RÚV og alls bærust um 1218 umsóknir um auglýst störf á árinu.

Skráning á kynjahlutfalli viðmælenda er birt opinberlega á þriggja mánaða fresti til samræmis við stefnu RÚV í jafnréttismálum.

Skráðir eru viðmælendur í fréttum og fréttatengdum þáttum og í reglubundnum innlendum þáttum í útvarpi og sjónvarpi. Talning sem þessi gefur ekki heildarmynd af því hver birtingarmynd karla og kvenna er í dagskránni en hún er mikilvægur liður í því að mæla hver staðan og þróunin er.

Hlutfall kynjanna í dagskrá RÚV, utan fréttu, var alveg nánast jafnt, 51% konur og 49% karlar. Með kynjajafnvægi í dagskrá sker RÚV sig frá flestum miðlum héraðs og erlendis. Séu eingöngu fréttatímar og fréttatengdir þættir teknir saman er hlutfall viðmælenda 58% karlar og 42% konur. Tölurnar hafa þróast í átt til jafnvægis frá því að mælingar hófust.

Í nýrri stefnu RÚV var lögð áhersla á að líta til þeirra þátta fjölbreytileika er snúa að kynjum, aldri, fötlun, kynhneigð, kynvitund og uppruna, í samræmi við stefnu Sambands evrópskra sjónvarpsstöðva. Lögð hefur því verið áhersla á að auka sýnileika fjölbreyttra hópa og skapa vettvang fyrir ólíkar raddir.

Á árinu 2023 endurspegladist þetta m.a. í fræðslu fyrir starfsfólk með því markmiði að ávallt sé hugað að jafnréttis- og fjölbreytileikasjónarmiðum í fréttum og dagskrá.

Hlutfall kynjanna í dagskrá RÚV 2023

	KVK%	KK%
Fréttastofa	42%	58%
Rás 1	57%	43%
Rás 2	44%	56%
RÚV	52%	48%
Án fréttu	51%	49%

- **Jafnlaunavottun.** Unnið hefur verið að árangri í jafnréttismálum á RÚV með margvíslegum hætti. Jafnlaunakerfi sem fer eftir jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 fékk fyrst vottun í febrúar 2019 og árlega hefur verið framkvæmd viðhaldsúttekt. Kerfið hefur verið í stöðugri þróun og jafnlaunagreiningar sem gerðar voru á árinu sýnir að náðst hefur góður árangur í að minnka launamun kynja og var leiðréttur launamunur mánaðarlauna 1,4 % (konur lægri) í sept. 2023.
- **Jafnréttiáætlun** gildir til ársins 2024. Áætlunin miðar að því að jafna stöðu kynja en nær einnig yfir jafnrétti óháð öðrum þáttum í samræmi við lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Jafnréttisnefnd fylgir jafnréttisáætluninni eftir, eykur samráð í jafnréttismálum og tryggir að samstaða sé um jafnréttisstarf á vinnustaðnum. Nefndin fundaði reglulega á árinu og miðlaði upplýsingum um störf sín til útvarpsstjóra og starfsfólks RÚV. Nefndin vann m.a. að því að auka samtal og innleiða fjölbreytileika- og jafnréttisskimun í alla starfsemi.

8. Innra eftirlit og gæðamál (gr. 11).

- a. **Siðareglur starfsfólks.** Nýjar reglur tóku gildi árið 2022.
- b. **Fréttareglur Ríkisútvarpsins.** Vinnureglur um fréttir og dagskrárefni og um þátttöku frambjóðenda til almennra kosninga í dagskrá Ríkisútvarpsins tóku gildi 21. mars. 2023. Við þá gildistöku féllu úr gildi reglur um fréttir og dagskrárefni tengt þeim frá 7. desember 2020..
- c. **Reglur um móttöku og meðferð erinda og greinargerð um samskipti við notendur.** Reglur um móttöku og meðferð erinda um samskipti við notendur voru samþykktar af stjórn og tóku gildi 27. mars 2017.

Yfirlit yfir innsend erindi 2023:

Innsend erindi	Fjöldi 2023	Hlutfall	Pr. mánuð
Almenn fyrirspurn	937	19,6%	78
Dreifikerfi	188	3,9%	16
Fréttastofa	1.521	31,7%	127
Íþróttir	189	3,9%	16
Rás 1	212	4,4%	18
Rás 2	383	8,0%	32
Ruv.is	266	5,6%	22
Safnadeild	293	6,1%	24
Sjónvarpið	667	13,9%	56
Útvarpsstjóri	136	2,8%	11
	4.792	100,0%	

Yfirlit yfir innsend erindi 2022:

Innsend erindi	Fjöldi 2022	Hlutfall	Pr. mánuð
Almenn fyrirspurn	2.674	51,9%	223
Dreifikerfi	287	5,6%	24
Fréttastofa	1.680	32,6%	140
Safnadeild	223	4,3%	19
Útvarpsstjóri	284	5,5%	24
	5.148	100,0%	

- d. **Reglur um innra eftirlit og gæðamál.** Samþykktar af stjórn og tóku gildi 27. mars 2017.
- e. **Helstu niðurstöður mælinga á trausti og viðhorfi almennings til Ríkisútvarpsins.** Sjá fylgiskjöl 2 og 3.
- f. **Umfang skoðunarferða og fræðsluheimsókna.** Fjöldi heimsóknabeiðna berast RÚV ár hvert. Um er að ræða heimsóknarbeiðnir frá kennurum allra skólastiga frá 12 ára aldri, vísindaferðir háskólanema og sérsniðnar heimsóknir, t.d. frá

þjónustumiðstöðvum, unglingsmiðjum o.fl. Veruleg fjölgun var á fjölda heimsóknargesta frá fyrra ári, en gestir ársins 2023 voru u.þ.b. 670 manns.

Til viðbótar við þá móttöku sem nefnd hefur verið, tekur KrakkaRÚV á móti fjölmörgum gestum í tengslum við sína starfsemi og fjöldi gesta sem tekur þátt í útsendingum RÚV í Útvarpshúsinu og út um allt land.

Gestir Hugmyndadaga RÚV að vori og hausti voru um 50 talsins, en á Hugmyndadögum gefst almenningi kostur á að kynna fyrir dagskrárstjórum hugmyndir að efni til dagskrárgerðar í öllum miðlum RÚV.

9. Tímasettar aðgerðir samkvæmt samningnum.

Sjá fylgiskjal

10. Fræðsluhlutverk Ríkisútvarpsins (gr. 2.4.)

- MenntaRÚV (gr. 2.4.1.).** Unnið var að nýjum vef MenntaRÚV sem var síðan opnaður í byrjun árs 2024 með fyrirliggjandi efni í fórum RÚV og nýju efni. Í samstarfssamningi RÚV og Miðstöðvar menntunar og skólabróunar (MMS) er gert ráð fyrir að MMS standi straum af kostnaði við réttindamál o.fl. fyrir efni sem sýnt verður í aðgangsstýrðum hluta MenntaRÚV. Gert er ráð fyrir að það verði tilbúið á síðari hluta árs 2024.
- Háskólinn okkar (gr. 2.4.2.).** Ákveðið var að leggja verkefnið til hliðar að sinni vegna þess að ekki var hægt að uppfylla skilyrði um fjármögnun og fleira.
- Miðla- og upplýsingalæsi (gr. 2.4.3.).** RÚV er hluti af TUMA, tengslaneti um upplýsinga- og miðlalæsi á Íslandi og hefur átt í samstarfi við Fjölmiðlanefnd um birtingu efnis og fleira. Þá var mikið fjallað um miðla- og upplýsingalæsi í ýmsum þáttum, einkum á Rás 1.
- Þróun máltækni (gr. 2.4.4.).** RÚV er með aðild að Almannarómi og er virkur þátttakandi í þróun kjarnalausna í máltækni. Markmiðið er að tryggja að íslenska verði bæði nothæf og notuð í tölvum og snjalltækjum til framtíðar og verður verkefnið unnið á samningstímanum.
- Þjónusta við eldri borgara (gr. 2.4.5.).** Meirihluti þess efnis sem sent er út á miðlum RÚV er ætlað öllum aldurshópum og við ákvörðun dagskrár var sérstaklega gætt að því.

11. Aðgengi að þjónustu RÚV (gr. 4).

Í aðgengisstefnu RÚV frá 2022, <https://www.ruv.is/um-ruv/stefna-og-starfsemi>, er lögð áhersla á þrjá meginþætti: aðgengi að miðlum; aðgengi í og við Útvarpshúsið, aðrar starfsstöðvar RÚV og á viðburðum á vegum þess; og að fjölbreytileikinn í samfélaginu endurspeglast í miðlum RÚV. Verkefnastjóri aðgengis og fjölbreytileika og aðgengisnefnd hafa það hlutverk að fylgja aðgengisstefnunni eftir.

Skjátexti

Samstarf RÚV og máltæknifyrirtækisins Tiro um að þróa og útfæra sjálfvirka rafræna skjátexta fyrir línulega dagskrá hélt áfram á árinu. Þróunin gekk mjög vel og árið 2023 hófust prófanir í útsendingum á eldra ótextuðu sjónvarpsefni sem er endursýnt á RÚV á daginn. Jafnframt var prófað að senda út langan aukafréttatíma með sjálfvirkum texta þegar eldgos hófst við Sundhnúksgráa á Reykjanesskaga 18. desember 2023 með góðum árangri. Upplýsingafundur almannavarna vegna jarðhræringa á Reykjanesskaga voru einnig með sjálfvirkum texta. Textann má nálgast í textavarpi RÚV, beinu streymi á rúv.is, í öppum og í myndlyklum símafyrirtækjanna.

Stefnt er á að hefja, árið 2024, sjálfvirka textun á beinum útsendingum sem alla jafna eru ekki með skjátexta svo sem Silfrinu og Kastljósi. Jafnframt er stefnt á að sjálfvirk textun komi í stað rittúlkunar sem veitt hefur verið þegar almannaheill krefst. Rittúlkun hefur þann galla að henni fylgir talsverð seinkun á birtingu texta. Enn eru ákveðin vandkvæði á að senda út sjálfvirkan texta með sumu sjónvarpsefni, svo sem íþróttum, þáttum sem blanda saman tali og tónlist og þáttum sem eru bæði á íslensku og ensku. Þróun sjálfvirka textans verður haldið áfram 2024.

Á árinu 2023 kom inn möguleiki á að stilla skjátexta með ýmsu móti Í spilara RÚV. Hægt er að breyta stærð og lit textans og setja bakgrunn á hann í ýmsum litum. Þetta eykur aðgengi margra sem eru sjónskert að efni í spilara og líka fólks með lestrarerfiðleika.

Táknmál og táknmálstúlkun

Lögin sem kepptu til úrslita í Söngvakeppninni 2023 voru þýdd á táknmál í samstarfi við Félag heyrnarlausra. Lögin voru flutt á táknmáli í útsendingu á Söngvakeppninni á RÚV 2. Þýðendur og flytjendur eru öll döff. Talað mál í þættinum var jafnframt túlkað á táknmál. Söngvakeppnin og Eurovision njóta mikilla vinsælda meðal döff fólks eins og annarra á Íslandi og þetta var því

mikilvægt skref í átt til aukins aðgengis og inngildingar döff fólks að miðlum RÚV.

Aðalfréttatími sjónvarps kl. 19 er alltaf sendur út með táknmálstúlkun á RÚV 2. Þegar táknmálsútsending þarf að víkja fyrir öðrum viðburðum, svo sem íþróttakeppni, er hún færð yfir á RÚV.is. Fréttatímar með táknmálstúlkun eru aðgengilegir í spilara.

Þegar meiri háttar atburðir verða, svo sem náttúruhamfarir, alvarlegar sviptingar í stjórnmálum, heimsfaraldur eða hryðjuverk, er alltaf kallaður út táknmálstúlkur í aukafréttatíma. Túlkaður aukafréttatími er sendur út á RÚV 2.

Komin er hefð á að senda Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, Eurovision, út með táknmálstúlkun á RÚV 2.

Fréttir á auðskildu máli

Á síðunni ruv.is/audskilid eru birtar auðlesnar fréttir alla virka daga. Auðlesinn texti er einfaldur í framsetningu, með stuttum setningum og einfaldri setningagerð. Fréttirnar eru stuttar og greina frá aðalatriðum auk þess sem flókin hugtök eru skýrð sérstaklega. Hægt er að velja leturstærð auðskilinna fréttanna eins og annarra fréttanna á RÚV.is. Auðskildar fréttir eru sérstaklega ætlaðar fólki með þroskahömlun en þær gagnast fleirum, svo sem fólki sem er að læra íslensku sem annað mál.

Læsileiki rúv.is

Nýr vefur ruv.is fór í loftið í árslok 2022. Vefurinn er hannaður eftir stöðlum sem tryggja að hann sé læsilegur í skjálesurum sem blint og sjónskert fólk notar. Þau sem ekki nota skjálesara en þurfa aukið aðgengi geta valið leturstærð og hlustað á upplestur á fréttinni þar sem textanum er jafnframt fylgt eftir með litamerkingum

Fréttir á ensku og pólsku

Fréttamiðlun á ensku og pólsku er hugsuð fyrir þann stóra hóp útlendinga sem býr á Íslandi og getur ekki nýtt sér fréttamiðlun á íslensku að hluta eða öllu leyti. Fréttir á ensku og pólsku eru birtar alla virka daga á ruv.is/english og ruv.is/polski. Hlaðvarpið RÚV English Radio hóf göngu sína í janúar. Þar birtist nýr þáttur alla virka daga og fjallað er á ensku um allt sem varðar Ísland, fréttir, menningu, tungumálið, hvers kyns viðburði, fólk, staði og margt fleira. Vikulega kemur út nýr þáttur í pólska hlaðvarpinu Wyspa þar sem farið helstu fréttir vikunnar á Íslandi á pólsku og talað við áhugavert pólskumælandi fólk sem býr á Íslandi eða hefur tengingu við Ísland.

Fjölbreytileiki og inngilding

KrakkaRÚV og Landinn leggja sérstaka áherslu á að endurspegla fjölbreytileikann í samfélaginu. Landinn fer um allt land og ræðir við fólk af íslenskum og erlendum uppruna á öllum aldri og á öllum sviðum samfélagsins. KrakkaRÚV vinnur markvisst að því að fá til samstarfs börn og ungmenni með ólíkan bakgrunn, af ólíkum uppruna og með mismunandi atgervi. Í útvarpi er lögð áhersla á að sem flestar raddir heyrist og pistlahöfundar koma úr öllum mögulegum áttum eins og viðmælendur og veita nýja sýn á málefni og atburði í íslensku samfélagi og menningu.

12. Öryggis- og almannavarnarhlutverk (gr. 7).

Öryggisstefna RÚV miðar að því að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar, þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið. Það á við um hamfarir af hvaða tagi sem er af völdum náttúrunnar eða önnur tilvik. Miðlun upplýsinga á slíkum tímum, eru hvort tveggja í senn almennar fréttir og ekki síður til þess að fólk í vá eða á hamfarasvæðum fái sem traustastar upplýsingar um stöðu mála. Öryggisstefnan er tvíþætt og lýtur að innra og ytra öryggi. Unnið var að því að starfsemi RÚV verði í samræmi við öryggisstaðal ISO 27001:2022 og hljóti vottun á árinu 2023.

Upplýsingaöryggisnefnd

Með ákvörðun útvarpsstjóra í október 2022 var stofnuð upplýsingaöryggisnefnd sem var liður í að skapa formlega umgjörð um stjórnun upplýsingaöryggis, persónuverndar og öryggis í samræmi við líkan þriggja varnarlína og góða stjórnarhætti. Á sama tíma var öryggisnefnd RÚV lögð niður. Upplýsingaöryggisnefnd skal hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast stjórnun upplýsingaöryggis sem komið gæti í veg fyrir að RÚV nái lögbundnum og samningsbundnum markmiðum sínum. Þar undir fellur vinnsla og meðferð persónuupplýsinga, öryggi húsnæðis og gæðamál þess, tjón af völdum óviðunandi innri ferla, kerfa og mistaka starfsfólks.

Helstu verkefni nefndarinnar eru m.a. að móta stefnu í upplýsingaöryggismálum og vera samráðsvettvangur þar sem forgangsraðað er verkefnum varðandi raunlægt öryggi og net- og upplýsingaöryggi, eins og gerð er krafa um í þjónustusamning ráðherra við RÚV. Jafnframt að tryggja að til staðar séu virkar viðbragðsáætlanir til þess að tryggja samfelldan rekstur á neyðartímum, sem taka mið af helstu vá sem getur steðjað að á hverjum tíma og tryggir lágmarkstíma rofs á miðlunarleiðum.

Öryggis- og almannavarnahlutverk

Ríkisútvarpið starfar eftir öryggisstefnu sem miðar að því að tryggja landsmönnum áreiðanlegar upplýsingar, þegar alvarlegir atburðir verða í og við landið. Útvarpsstjóri skipar upplýsingaöryggisnefnd sem ber ábyrgð á öryggismálum Ríkisútvarpsins.

Útsendingum á langbylgju hefur verið hætt frá Eiðum og verður endanlega lagt niður á árinu 2024. Þess í stað ákvað Ríkisútvarpið, að höfðu samráði við Neyðarlínuna, Öryggisfjarskipti ríkisins, Ísavia, Almannavarnir og fleiri, að byggja upp dreifikerfi FM útvarps, einkum Rásar 2, til að það geti tekið við því öryggishlutverki sem langbylgjuútsendingum var ætlað að sinna. Þessi uppbygging hefur gengur vel og hefur Ríkisútvarpið byggt um fjölda sendastaða á undanförunum áratug til að styrkja og bæta kerfið. FM kerfi Ríkisútvarpsins er byggt upp af rúmlega 230 FM sendum og unnið er að enn meiri þéttingu með því markmiði ná til allra lögbýla þar sem búseta er árið um kring, alla helstu vegi sem njóta reglubundinnar þjónustu og til þekktra ferðmannastaða sem raunhæft er að ná til.

• Dreifikerfi (gr. 8)

- **Dreifing á sjónvarps- og hljóðvarpsefnis RÚV** nær til 99.9% heimila á landinu um opið dreifikerfi.
- **Innskráningarkerfi** RÚV mun fyrir lok árs 2024 miðla sjónvarps- og útvarpsdagskrá sinni, bæði línulegri og ólínulegri, til íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru erlendis með stafrænum lausnum sem tryggja aðgang án þess að gengið sé á hlut rétthafa. Vinna hófst við kerfið árið 2020 en síðar var ákveðið að fella það að nýju vefumhverfi RÚV og það tafði framgang verkefnisins. Bundnar voru vonir við notast við innskráningarleið island.is eða sú varð ekki raunin, sem varð þess valdandi að leita þurfti annarra leiða, sem tafði verkefnið enn frekar.

• Málstefna og þróun máltækni (gr. 9).

- **Málstefna.** Málfarsráðgjafar sinna yfirllestri og ráðgjöf og stuðla þannig að því að bæta íslenskufærni og auðga málfar starfsfólks. Daglegar ábendingar og fundir um málfar eru liður í þeirri starfsemi. Umfang yfirllestrar eykst ár frá ári. Málfarsráðunautur og málfarsráðgjafar sinna líka upplýsingagjöf og fræðslu um íslenskt mál í miðlum RÚV, þar á meðal í þættinum Orð af orði sem hefur verið á dagskrá Rásar 1 í hverri viku frá 2013. Auk þess tekur RÚV þátt í ýmsum samstarfsverkefnum sem tengjast verndun íslenskrar tungu svo sem máltækniáætlun stjórnvalda. Þá á RÚV fulltrúa í Íslenskri málnefnd.

AUGLÝSINGAR OG KOSTUN

Tekjur RÚV Sölu á rekstrarárinu 2023 af sölu auglýsinga og kostana námu 2.465 milljónum króna.

Eftirtaldir dagskrárliðir voru kostaðir á árinu:

- Bikarkeppni í handbolta.
- Bikarkeppni í körfubolta.
- Bikarkeppni í blaki.
- Afturelding.
- Eurovision og Söngvakeppnin.
- Hestaípróttir.
- HM í handbolta.
- HM félagsliða.
- HM og heimsbikarmót í skíðaípróttum.
- HM í frjálsum.
- HM í íshökkí.
- Íslandsmótið í fimleikum.
- Íslandsmótið í golfi.
- Landsleikir í fótbolta.
- Landsleikir í handbolta.
- Landsleikir í körfubolta.
- Bikarkeppni í fótbolta.
- Reykjavíkurlaikarnir.
- Skólahreysti.
- Tónaflóð.

Eftirtaldir dagskrárliðir voru rofnir með auglýsingahléum á árinu:

- Alla leið.
- Edduverðlaunin.
- Eurovision.
- Vikan með Gísla Marteini.
- Gettu betur.
- Klassíkin okkar.
- Reykjavíkurlaikarnir.
- Silfrið.
- Skrekkur.
- Skólahreysti.
- Söngvakeppnin.
- Tónaflóð.

RÚV Sala er dótturfélag RÚV sem heldur utan um sölu auglýsinga og kostana.